

HJÓRTUR MAGNI JÓHANSSON
*Klæðist hvítum hátíðar-
 hökli í tilefni dagsins*
 • tíska • heilsa • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



LANDIÐ MITT SUÐURLAND
*Opin býli, hátíðarhöld
 og ævintýralegar ferðir*
 Sérblað um Suðurland
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



LOGI GEIRSSON:
*Lærir að verða
 einkaþjálfari*
 Silfurdrengir setjast á skólabekk
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. maí 2009 – 120. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR


**Ánægður með
 framtakið**
 Tryggvavaka er
 haldin í dag til
 heiðurs Tryggva
 M. Baldvinssyni,
 bæjarlistamanni
 Alftaness.
TÍMAMÓT 18

Félagar Alexanders Rybak
 Seltjarnarnes og heimabær
 Eurovision-sigurvegarans eru
 vinir.
FÓLK 30


**Vetrarsól á
 hvíta tjaldíð**
 Silja Hauksdóttir
 gerir kvikmynd
 eftir bók Auðar
 Jónsdóttur.
FÓLK 30

**Aron áfram
 með Hauka**
 Aron Kristjánsson
 fer ekki til
 Danmerkur en
 verður áfram
 þjálfari Hauka.
ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



BJART MEÐ KÖFLUM Í dag verður
 hægviðri eða hafgola. Víða bjart
 með köflum og hætt við þokulofti
 við norður- og austurströndina. Síð-
 degisskúrir, einkum inn til landsins
 sunnan til. Híti 7-16 stig.
VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 117%
 meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
 Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



KEPPNISSTÚLKUR VIÐ SJÁVARSIÐUNA Þessar fögru meyjar öttu kappi með knöttinn í veðurblíðunni á ylströndinni í gær. En þótt knáar séu með knöttinn og kappsamar leggja þær meiri stund á aðra keppni því þær eru allar að keppa um titilinn ungrfrú Ísland. **Sjá síðu 22**

Vilja spara með því að stytta skólaárið

Sveitarfélögin hafa kynnt ráðherra hugmynd um fækkun lögbundinna kennsludaga. Kennarar hafna leiðinni. Deilt er um áhrif breytingarinnar á nemendum.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Þetta er sorgleg umræða. Við megum ekki gleyma að þetta er inngríp í líf barna og unglunga og þeirra tækifæri kemur aldrei aftur,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands (KÍ). Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) gengu nýlega á fund Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra til að kanna möguleika á tímabundinni fækkun lögbundinna skóladaga grunnskólanemenda í sparnaðarskyni. Þessari leið hafnar KÍ alfarið. Halldór Halldórsson, formaður SÍS, segir að hugmyndin tengist svokallaðri fimm prósent leið, sem hefur verið til umræðu á vettvangi sveitarfélaganna að undanförunu. Þá er starfsmanni gefinn kostur á frítöku í tíu daga

ári gegn fimm prósent launlækkun. „Samkvæmt lögum skulu kennsludagar vera 180 á skólaárinu. Okkar tillaga snýst um að stytta skólaárið um tíu daga, eða til þess horfs sem það var hér fyrir nokkrum árum. Ég leyfi mér að segja að það er ekkert víst að stytting sem þessu nemur sé skaðleg fyrir nemendur. Það er kannski ekki vinsælt að segja þetta, en ég segi það samt.“ Halldór segir að með þessari aðgerð myndu miklir fjármunir sparast. „Við verðum að hafa hugfast að kreppan verður langvinn og því verður að endurskoða þjónustustig sveitarfélaganna, og allir verða að koma að því.“ Árið 2007 nam heildarkostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla tæpum 45 milljörðum

króna. Stærsti kostnaðarliðurinn eru laun og launatengd gjöld en þau nema um 2/3 af heildarkostnaði. Sveitarfélög verja mismiklu hlutfalli af skatttekjum sínum vegna rekstrarútgjalda grunnskólans, allt frá 12 til 75 prósentum. Menntamálaráðherra segist ekki hafa lagt lokamat á hugmynd SÍS sem hún hafi rætt við fulltrúa kennara og sveitarfélaganna. „Ég vildi heyra öll sjónarmið og mun ræða við þá aftur um þetta. Ástæðan fyrir að þetta kemur upp er að það er stutt síðan að skólaárið var lengt.“ Katrín segir að það sé allt undir í þeim niðurskurði sem er fram undan, en „stóra málið er að hugsa þetta út frá nemendum.“

Stjórn fiskveiða hjá ESB: Óskað eftir aðstoð Íslendinga

EVROPUMÁL Joe Borg, yfirmaður sjávarútvegs mála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, lýsir sérstaklega eftir aðstoð frá Íslandi við mörkun nýrrar og sjálfbærrar sjávarútvegsstefnu ESB. Þetta kemur fram í grein sem Borg ritar í Fréttablaðið í dag. Borg segir að sjávarútvegsstefna ESB sé brostin. Níu af tíu fiskistofnum séu ofveiddir og þriðjungur í lélegu ástandi. Þá sé eftirspurn eftir fiski meiri en framboðið.

Áfall fyrir forseta Bandaríkjanna: Guantánamo ekki lokað í bili

BANDARÍKIN Öldungadeild Bandaríkjapings felldi í gær tillögu um að loka Guantánamo-fangabúðum bandaríska hersins á Kúbu. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hét því í kosningabaráttunni að búðunum yrði lokað. Stjórnmalaskýrendur telja þetta mikið áfall fyrir hann. Ekki dragi úr að demókratar, flokksmenn Obama, hafi hafnað tillögunni með afgerandi hætti. Hún var felld með níutíu atkvæðum gegn sex. Forsetinn bað í apríl um átta tíu milljónir dollara, rúma tíu milljarða króna, til þess að búðunum mætti loka í byrjun næsta árs.

sbarro 18 ^{tommu} pönnupizza með 2 áleggstegundum **1990** ^{Rísa} pizza **kr.**

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

TAX FREE!

Aðeins í dag!

TAX FREE!



**AÐEINS
Í DAG**
öll sumarblóm
og trjáplöntur
án vsk

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

AF ÖLLUM GARÐPLÖNTUM OG GARÐHÚSGÖGNUM

OPIÐ Í DAG

Skútvogur	10 - 21
Grafarholt	10 - 18
Selfoss	12 - 16
Timbursala lokuð	
Reykjanesbær	12 - 17
Akureyri	10 - 17
Timbursala og lagnadeild lokuð	
Egilsstaðir	10 - 14
Eingöngu opið í Blómavali	



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	127,47	128,07
Sterlingspund	197,47	198,43
Evra	174,00	174,98
Dönsk króna	23,369	23,505
Norsk króna	19,761	19,877
Sænsk króna	16,565	16,663
Japanskt jen	1,3297	1,3375

SDR	194,12	195,28
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,6937
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sala og lokun útibúa Kaupþings á Norðurlöndum skilar verðmætum til skilanevndar og kröfuhafa:

Uppgjör í þremur löndum skilar 210 milljörðum

VIÐSKIPTI Skilanevnd Kaupþings endurheimti í síðasta mánuði verðmæti fyrir um 210 milljarða króna með sölu og lokun útibúa Kaupþings í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Þetta kemur fram í skýrslu skilanevndarinnar til kröfuhafa um viðburði í apríl, en hún er birt á vefnefndarinnar.

Verðmætin sem skila sér í búmóðurfélags Kaupþings vegna aðgerðanna nema 1.207 milljónum evra. Hæsta upphæðin er vegna sölu á útibúi bankans í Svíþjóð, 800 milljónir evra. Í upphæðinni er með talin sala á Kaupþing Pension Consulting og Kaupþing Finans AB síðasta haust. Afgangur starfsem-

innar í Svíþjóð var svo seldur til Álandsbankens.

Þá stóðu eftir 300 milljónir evra eftir að lokað hafði verið og gerð upp viðskipti í útibúi Kaupþings í Noregi og í Finnlandi urðu við sömu aðgerð eftir 107 milljónir evra.

Miðað við gengi evru í gær (174 krónur) jafngildir upphæðin 210 milljörðum króna.

Í sömu skýrslu kemur fram að búið hafi verið svo um hníta að FIH bankinn í Danmörku haldi áfram rekstri, en verði ekki seldur að sinni. Kröfuhafar bankans styðja ákvörðun skilanevndarinnar í þeim efnum og það mat að bankinn verði

meira virði síðar, þegar fjármála-markaðir hafa jafnað sig.

Sömuleiðis kemur fram að skilanevndin vinni að því að bjarga verðmætum og tryggja rekstur bæði Mosaic Fashions og All Saints í Bretlandi.

Áréttað er að helsta hlutverk skilanevndarinnar sé að vernda hagsmuni kröfuhafa föllnu bankanna íslensku. Meðal verka hafi verið að forða brunaútsölum á eignum þeirra.

Í KAUPÞINGI Skilanevnd Kaupþings hefur aðstoðu fyrir starfsemi sína í höfuðstöðvum bankans við Borgartún í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



NÝBAKADIR LEIÐSÖGUMENN Hilda Rós Bjarnadóttir, Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir og Valérie Anne Descrieres útskrifuðust í gær. MYND/STEFÁN HELGI VALSSON

Leiðsöguskóli Íslands:

Fjölgar í hópi leiðsögumanna

MENNTUN Rúmlega sextíu nemendur útskrifuðust í gærkvöldi úr Leiðsöguskóla Íslands en það er metfjöldi. Þar af útskrifuðust 23 úr svokölluðu svæðisleiðsögunámi en það er í fyrsta sinn sem boðið er upp á það á höfuðborgarsvæðinu.

„Þá læra þau ekki um allt Ísland heldur er einblínt á ákveðið svæði,“ segir Kristín Hrönn Þráinsdóttir, fagstjóri leiðsögunáms í Leiðsöguskóla Íslands. Í þessu tilfelli var það bundið við höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Reykjanes. -jse

Héraðsdómur Reykjavíkur: Baugsmáli ekki vísað frá dómi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær kröfu sakborninga í Baugsmálinu um að því yrði vísað frá dómi.

Verjandi sakborninganna vildi meina að sækjandinn, Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, væri vanhæfur, enda hefði hann verið vitni í fyrra Baugsmáli. Að auki væri málið orðið gamalt. Aðalmeðferð málsins á að hefjast í október. Sakborningar í málinu eru Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir og Tryggvi Jónsson. Jón Ásgeir er eigandi útgáfu-félags Fréttablaðsins. -kóp

Segir SA óska eftir nýjum samningi

Forseti ASÍ segir tillögur SA fela í sér ósk um nýjan kjarasamning. Það þýðir að kjaraviðræður færu aftur á byrjunarreit. Þrýstingur eykst um hækkanir strax.

KJARAMÁL Tillaga Samtaka atvinnulífsins felur það meðal annars í sér að laun þeirra sem hafa yfir 300 þúsund krónur á mánuði hækki ekki á þessu ári. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir þá tillögu hreinlega vera ósk um nýjan kjarasamning. „Við höfum gert atvinnurekendum grein fyrir því að samninganevnd Alþýðusambandsins telur sig ekki hafa umboð til að breyta kjarasamningnum efnislega,“ segir hann. „Við getum rætt um tímasetningar en það að breyta efnisatriði kjarasamnings, eins og það að setja þak við 300 þúsund krónur að teknu tilliti til vaktalags og alls slíks, það er efnisleg breyting. Það er þá ósk atvinnurekenda um að gera nýjan kjarasamning.“

Það þýðir að samninganevndin skilar sínu umboði til sinna aðildarfélaga og allt ferlið byrjar upp á nýtt. Það myndu því líða margir mánuðir áður en hægt væri að hefja viðræður á ný. „Við erum bara að leggja þetta fram sem uppbyggjandi innlegg,“ segir Vilhjálmur Egilsson, formaður SA. „Ef eitthvað gengur ekki upp þá erum við að sjálfsgögu til í að ræða það, þetta eru engir úrslitakostir hjá okkur.“

Hinar tillögur SA snúa að því að launahækkanir sem áttu að koma til 1. mars síðastliðinn komi í tveimur áföngum; 1. júlí næstkomandi og síðan 1. nóvember. Gylfi segir það að vísu til marks um að samningarnir séu að þokast í rétta átt en áður höfðu atvinnurekendur óskað eftir lengri frest. „Hins vegar er vaxandi stuðningur við það hjá okkar fólki að líta svo á sem að fresturinn sé búinn



Gylfi Arnbjörnsson Tillögur SA fela í raun í sér ósk um annan kjarasamning og samningsnefnd ASÍ sem nú karpar hefur ekki umboð til að ræða nýjan samning segir forseti sambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og því sé kominn tími á hækkanirnar,“ segir Gylfi.

Þar er Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar – stéttarfélag, honum sammála. „Við viljum að öll hækkanin komi nú strax, þeir eru nú þegar búnir með frestinn,“ segir hann. Hann segir enn fremur að eftir að lægstu taxtar hafi hækkað um 13.500 séu þeir orðnir jafn háir atvinnuleysisbótum.

„Við vorum ekkert að óska eftir neinum viðbrögðum,“ segir Vilhjálmur spurður um hvaða viðmóti hann hefði mætt eftir að hann kynnti tillögurnar. „Þetta er sett fram sem grundvöllur til að vinna út frá og síðan er annar fundur á föstudag [á morgun] og þá á ég von á að fá uppbyggileg viðbrögð við þessu.“

jse@frettabladid.is

TILLÖGUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Starfsmenn á almennum launatöxtum:

Laun ófagglærðra
Hækkun 1. júlí um 6.750
Hækkun 1. nóvember 6.750

Faglærðir
Hækkun 1. júlí 8.750
Hækkun 1. nóvember 8.750

Starfsmenn sem fá greitt eftir öðrum töxtum:
Launaþróunartrygging þeirra sem eru undir 300 þúsundum í mánaðarlaun hækki um 3,5 prósent 1. nóvember. Laun þeirra sem eru með hærri mánaðarlaun hækka ekki á árinu.

Hækkanir sem eiga að koma til 1. janúar 2010 verði frestað til 1. september sama ár.

Svínaflensufár í Japan: Fólkhvatt til að halda ró sinni

JAPAN, AP Yfirvöld í vesturhluta Japans hvöttu í gær milljónir íbúa tveggja fjölmennustu borga landsins til að halda ró sinni en grípa til forvarnaráðstafana til að hindra frekari útbreiðslu svínaflensu, sem 251 hefur nú þegar smitast af í Japan.

Nýjasta staðfesta tilfellið er sextán ára stúlka í Tókýó og er það jafnframt það fyrsta í japönsku höfuðborginni. Að sögn Kyodo-fréttastofunnar hafði stúlkan ferðast til Bandaríkjanna.

Flestir hinna smituðu í Japan búa í Kobe og Osaka, sem er næststærsta samvaxna þéttbýlis-svæði landsins á eftir Tókýó. Einungis í Mexíkó, Bandaríkjunum og Kanada hafa fleiri smitast af svínaflensu. -aa

Rannsókn í Írlandi: Margir vitna um ofbeldi

ÍRLAND Niðurstöður opinberrar rannsóknar á ofbeldi sem börn í kaþólskum stofnunum í Írlandi hafa orðið fyrir síðustu sextíu árin verða birtar innan skamms. Rannsóknin hefur verið í gangi í níu ár. Fréttavefur BBC greinir frá þessu.

Niðurstöður könnunarinnar munu meðal annars sýna að 2.000 af þeim 35.000 börnum, sem komið var fyrir í kaþólskum stofnunum, á borð við betrunarhús og heimavistar skóla, á níunda áratugnum segjast hafa orðið fyrir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi meðan þau dvöldu á þessum stofnunum.

Yfirgignum og vannæðum börnum, auk margra sem frömu smáafrot, var komið fyrir á umræddum stofnunum. -kg

TEMAEFTIRKAUFA SA

-5 kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN Á ÓB-LYKLINUM OG SÍÐAN ALLTAF -2KR.

ÓB-lykilhavar geta safnað Vildarpunktum Icelandair. Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

26 stöðvar um land allt. www.ob.is

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	26°
Amsterdam	19°
Basel	27°
Berlin	25°
Billund	18°
Eindhoven	22°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	27°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	22°
London	18°
New York	27°
Orlando	28°
Osló	17°
Paris	19°
Róm	31°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Sigurður P. Ragnarsson Veðurfræðingur

TVEIR DAGAR Í VIÐBÓT
Góðviðri verður á landinu í dag og á morgun en seint á morgun fer áhrifa lægðar að gæta og aðfaranótt laugardags gengur úrkomusvæði inn á landið sunnan- og suðvestanvert. Á laugardag og sunnudag verður rigning eða skúrir víðast hvar á landinu, síst þó norðaustan til. Þó veðrabreytingar verði um helgina verður áfram milt.

Á MORGUN 3-10 m/s, stífastur SV-til síðdegis

LAUGARDAGUR 5-10 m/s



SUMARTÍSKAN OG SVALAR SNYRTIVÖRUR Í SMÁRALIND

FRÁBÆR TILBOÐ 21. - 24. MAÍ

Hagkaup

- Sumartilboð á förðunarbustum frá Bobbi Brown.
- Nýtt frá Lancome – Hypnose línan.
- Karin Herzog Switzerland – 20% afsláttur af Silhouette líkamskreminni fyrir appelsínuhúð.
- Thierry Mugler, Jean Paul Gaultier, Issey Mikake, Cacharel – nýir sumarilmir.
- Naomi Campbell – ef þú kaupir ilminn 'With Kisses' fylgir iPod/GSM taska í kaupbæti.

Lyfja

- 30% afsláttur af völdum ilmum, t.d. Moschino, Britney Spears og Paris Hilton.
- 20% afsláttur af fótavörum frá Sally Hansen.

Body shop

- 20% kynningarafsláttur af Hot Brights-kinnalitnum.
- 35% afsláttur af Body & Leg Shine, sólarfarða á líkama/fætur.
- 20% afsláttur af Everyday Summer líkamskreminni, frábær húðnæring með lit sem byggist upp við notkun.

Hygea

- Shiseido – kynningar og ráðgjöf um krem, kaupaukar fylgja.
- Dior – nýjungar í Capture total línunni, fallegur kaupauki.

Make up store

- Ef þú verslar fyrir kr. 5.000 eða meira færðu sumar-sandala að gjöf! Einnig fylgir rakagefandi mini Aloe Vera rakaúði með kaupum í Skin Care línunni.

Debenhams

- 20% afsláttur af öllum dömu- og herrailmum.
- Shiseido – Body Creator. Verð áður 8.990. Tilboðsverð 5.990, gjöf fylgir.
- Sensai – Highlighting powder. Verð áður 5.390. Tilboðsverð 3.490.
- Water Makeup base. Verð áður 5.390. Tilboðsverð 3.490.
- Clarins – Body lift. Verð áður 6.590. Tilboðsverð 4.290.
- Lancome – 50% afsláttur af Poudre Elephant de Teint sólarpúðri. Verð áður 4.990. Tilboðsverð 2.490.
- John Frieda hárgljái. Verð áður 2.390. Tilboðsverð 1.590.

OPIÐ Í DAG 13-18

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verðslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

 Smáralind

KJÖRKASSINN

Erðu búin(n) að fara í Nauthólsvík í ár?

Já	6,4
Nei	93,6

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Gerir stjórnarandstaðan of mikið úr sykurskattinum?

Segðu skoðun þína á Vísis

Umræður utan dagskrár um fyrningu aflaheimilda á Alþingi í gær:

Endurskoðun í samráði við alla

ALÞINGI Hugmyndir um fyrningu aflaheimilda hafa þegar valdið ómældu tjóni í sjávarútvegi, sagði Einar K. Guðfinnsson, en hann var frummælandi í umræðu utan dagskrár í gær um áform ríkisstjórnarinnar um fyrningu aflaheimilda. Sagði Einar að áhugi á að fjárfesta í sjávarútvegi hafi þornað upp og þá hefðu aðilar í sjávarútvegi ástæðu til að óttast um möguleika til lánveitinga.

Spurði Einar sjávarútvegsráðherra hvort líklegt sé að fyrningarléið geri stöðu greinarinnar sterkari á erlendum mörkuðum og hvort hann telji líklegt að fyrning muni styrkja stöðu sjáv-



JÓN BJARNASON

ágreining um úthlutun veiðiréttinda, heldur snúist deilurnar um framsalið.

„Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess að fólk átti sig á að það verður að endurskoða fiskveiði-

arútsveigsins. Þá vildi hann fá að vita hvort fyrir liggja vandaður útreikningur óvilhallra aðila á áhrifum fyrningarleidarinnar.

Jón Gunnarsson sagði ekki hafa verið aðgreining um úthlutun veiðiréttinda, heldur snúist deilurnar um framsalið.

„Ég mun ekki fara í einstaka aðgerðir sem hægt er að reikna með að rústi sjávarútveginn,“ sagði Jón. Heldur ætti að treysta stöðir sjávarútvegsins, fiskisins í sjónum og byggðanna í landinu.

- 55

Sjálfstjórnarlög Grænlands:

Danska þingið fullgildir lögin

GRÆNLAND Mikilvægum áfanga að gildistöku nýju laganna um sjálfstjórn Grænlands var náð á þriðjudag, er danska þingið fullgilti lögin fyrir sitt leyti með 99 atkvæðum gegn 18 atkvæðum þingmanna Danska þjóðarflokksins. 62 þingmenn voru fjarverandi er atkvæðagreiðslan fór fram.

Nýju sjálfstjórnarlögin ganga formlega í gildi hinn 21. júní næstkomandi og taka þá við af heimastjórnarlögum frá 1979. Nýju lögin færa auk við vald til landstjórnarinnar og taka af tvímæli um að auðlindir í jörðu í lögsögu Grænlands og arður af þeim tilheyri Grænlendingum. - aa

Stríðsglæparannsókn SP:

Hefur sinn gang óháð mótbarum

GENF, AP Alþjóðleg rannsókn á meintum stríðsglæpum Ísraelshers á Gasasvæðinu, sem Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna átti frumkvæði að, mun ganga sinn gang þrátt fyrir mótbarur ísraelskra stjórnvalda. Þetta segir Richard Goldstone, sem SP hefur ráðið til að stýra rannsókninni.

Ísraelsk yfirvöld hafa enn ekki svarað því hvort rannsóknarfulltrúar SP fái heimild til að fara um ísraelska lögsögu. Því muni þeir ferðast til Gasa um Egyptaland ef þörf krefur, lét Goldstone hafa eftir sér í Genf í gær.

Í þriggja vikna innrás Ísraelshers á Gasa í vetur voru yfir 1.400 Palestínubörn dreppin, þar af yfir 900 óbreyttir borgarar, samkvæmt upplýsingum palestínskra mannréttindasamtaka. - aa

Háskólinn á Akureyri:

Stefán tilnefndur nýr rektor

SKÓLAMÁL Dr. Stefán B. Sigurðsson, prófessor og forseti læknaeildar Háskóla Íslands, hefur verið tilnefndur nýr rektor Háskólans á Akureyri. Hann á að hefja störf 1. júlí.



STEFÁN B. SIGURÐSSON

Alls búrast sex umsóknir um starfið. Einni umsókn var vísað frá þar sem viðkomandi hafði ekki lokið doktorsprófi, eins og auglýsing gerði að skilyrði. Niðurstaða nefndar sem skipuð var til að meta hæfni hinna umsækjendanna var sú að allir væru hæfir til að gegna stöðu rektors. Stefán væri þó fremstur meðal hæfra umsækjenda. - kg

Skoða viðskipti LÍN við dóttur formanns

Menntamálaráðherra vill athugun á viðskiptum fyrirtækis dóttur Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi stjórnarformanns LÍN, við sjóðinn. Gunnar segir skoðunina mjög sérkennilega. Kópavogsbær skoðar einnig viðskipti við fyrirtækið.

STJÓRNSÝSLA „Við munum finna góða leið til að yfirfara þetta mál þannig að niðurstaðan sé hafin fyrir allan vafa,“ segir Haraldur Guðni Eiðsson, formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN).

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra fól í gær stjórn LÍN að yfirfara viðskipti sjóðsins við fyrirtækið Frjálsa miðlun sem er meðal annars í eigu dóttur Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi formanns stjórnar LÍN og nú bærarstjóra í Kópavogi. Ástæða þessarar athugunar eru fréttir af því að LÍN hafi frá árinu 1991 keypt þjónustu af Frjálsri miðlun fyrir um ellefu milljónir króna.

„Mér þykir hún mjög sérkennileg af því að það eru liðin ein tólf ár síðan viðskipti þessara aðila áttu sér stað,“ segir Gunnar aðspurður um ákvörðun menntamálaráðherra. „En ég held að það sé bara gott að þetta sé skoðað og hef ekkert á móti því,“ bætir hann við.

Í svari við fyrirspurn bæjarfulltrúa Samfylkingar í Kópavogi kemur fram að bæjarsjóður greiddi Frjálsri miðlun alls ríflega 51 milljón króna frá og með árinu 2000 þar til í síðastliðnum aprílmánuði. Um er að ræða hönnun og gerð alls kyns kynningarefnis, meðal annars árskýrsla fyrir Kópavogsbæ í nokkur ár á þessu tímabili.

Frjáls miðlun hefur unnið verk fyrir flest fagsvið Kópavogsbæjar. Í umsögn Birgis Hlyns Sigurðssonar, sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs Kópavogs, segir að langflest verkin hafi verið af þeirri stærðargráðu og þess eðlis að þau hafi ekki verið boðin út. Starfsmenn bæjarskipulagsins hafi einnig leitað til annarra fyrirtækja um gerð kynningarefnis og gerðar

KÓPAVOGUR Fyrirtæki dóttur bæjarstjórnar og eiginmanns hennar hefur selt Kópavogsbæ þjónustu fyrir um 51 milljón króna frá árinu 2000. Verið er að yfirfara reikningana samkvæmt samþykkt bæjarráðs.



GUNNAR I. BIRGISSON

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

hafi verið verðkannanir um viðameiri verk.

Ólafur Briem, fyrrverandi bæjararritari, segir í sinni umsögn að viðskiptahættir hafi verið eðlilegir. Samningar um gerð árskýrsla hafi verið staðfestir í bæjarráði. „Ákvörðun um viðskipti við Frjálsa miðlun var aðallega byggð á óformlegum og formlegum verðkönnunum og góðri reynslu af viðskiptum við þetta fyrirtæki,“ segir í umsögn Ólafs.

Framsóknarmenn í Kópavogi, sem eiga einn fulltrúa í bæjarstjórn og mynda meirihluta með sjálfstæðismönnum, segjast nú bíða niðurstöðu athugunar endurskoðanda bæjarins á viðskiptunum

FRJÁLS MIÐLUN

Greiðslur frá Kópavogsbæ

Ár	milljónir króna
2000	2,8
2001	2,8
2002	5,5
2003	6,6
2004	4,7
2005	8,1
2006	6,7
2007	6,0
2008	7,0
2009	1,0
Samtals	51,2

Greiðslur frá LÍN

Frá 1991	11 m.
----------	-------

við Frjálsa miðlun áður en þeir taki afstöðu til málsins.

Sjálfur hefur Gunnar I. Birgisson sagst vonast til að niðurstaðan fái sem fyrst. „Því fyrir því betra,“ segir bæjarstjórnin sem telur óvissu framsóknarmanna í málinu orðum aukna. „Það er allt í lagi með þá.“ gar@frettabladid.is

Njóttu sumarsins

Lóritín®
– Kröftugt ofnæmislyf

actavis
hagur í heilsu

Notkun: Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofskálðaða af óþekktum toga. Skömmtun: Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matstíðna. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. Frábendingar: Ofnæmi fyrir virka efni eða hjálparefnum. Varúðarreglur: Gaeta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnpurks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. Aukaverkanir: Lóritín polist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfði, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

Nýtt og betra!

20% afsláttur út maí!

MINNA AF SYKRI • MEIRA AF ÁVÖXTUM

Hjálparamtök fara fram á að fá að senda sitt lið inn á átakasvæðið á Srí Lanka:

Stjórnin óttast nýja uppreisn

SRI LANKA, AP Talsmenn fjölþjóðlegra hjálparamtaka og Sameinuðu þjóðanna þrýstu í gær á stjórnvöld á Srí Lanka að heimila fulltrúum þeirra að kanna vettvang á vígvellinum þar sem stjórnarherinn segist vera búinn að ráða niðurlögum síðasta vígis Tamílatígranna.

Engum hjálparstarfsmönnum né erlendum fréttamönnum hefur verið hleypt inn á svæðið enn sem komið er, en hjálparstofnanir vilja komast á vettvang, einkum og sér í lagi til að veita óbreyttum borgurum sem lokuðust inni milli víglínanna læknaísadstod og hjálpa þeim að komast þaðan.

Þótt forseti landsins hafi á þriðjudag lýst yfir fullnaðarsigri á uppreisnarhreyfingu Tamílatígra og þar með hafi landið loks verið „frelsað undan hermdarverkum aðskilnaðarsinna“ kom til skotbardaga milli nokkurra skæruliða og stjórnarhermanna í gær. Að sögn hersins voru átta skæruliðar felldir.

Dreifðir hópar uppreisnarmanna eru taldir vera enn undir vopnum hér og þar á austurhluta Srí Lanka, í þeim landshlutum þar sem aðskilnaðars-



FAGNAD Í KÓLOMBÓ Íbúar höfuðborgar Srí Lanka fagna í gær hinum yfirlýsta sigri á Tamílatígrum. NORDICPHOTOS/AFP

innaðir tamílar vilja stofna sjálfstætt ríki. Fulltrúar stjórnvalda í Kólobó óttast að slíkir hópar séu í mörgum borgum landsins og láti lítið fyrir sér fara í bili, en kunni að reyna að hefja skæruherað á ný. - aa

Peking pönnukökur

Fyrir 2 til 12 (ýmist sem aðalréttur eða forréttur)

* Fleiri frábærar kjúklingauppskriftir á www.holta.is *

Peking pönnukökur henta vel sem spariréttur en eru einnig fyrirtaks skyndimatur ef kjúklingaafgangur er til á heimilinu. Þær eru líka fullkomnar í lautarferðina og þá hentar vel að kaupa annað hvort tilbúinn, grillaðan Holta kjúkling eða tilbúna Holta kjúklingastrimla.

1 heill Holta kjúklingur	2 gúrkur
12 stk Peking pönnukökur (fást í pakka)	2 þúrrulaugar
1 laukur	2 stórar lárperur (avocado)
Salt og pipar	1 bakki af baunaspírurum
	Chezuan wok sósa

FARIÐ SVONA AÐ: Skerið gúrkuna, þúrrulaukinn og lárperuna niður í strimla. Setjið kjúklinginn í pott og hellið vatni þar til það flæðir yfir kjötið. Grófsaxið laukinn og bætið út í vatnið ásamt salti og pipar. Sjóðið í 45-60 mínútur eða þangað til beinin losna frá kjötinu. Kælið og tætið niður kjötið. Hitið pönnukökur á pönnu, setjið meðlætið í skálar og berið fram. Uppskriftin er úr Holtabæklingnum „Umhverfis heiminn í 14 réttum með Áslaugu Snorradóttur“.

HOLTA byggir á áratugalangri reynslu, leggur mikinn metnað í gæðastjórnun og er stöðugt að auka fjölbreytni í vöruúrvali. Íslenskir neytendur hafa í viðhorfskönnunum valið Holta kjúkling sem vinsælasta ferska kjúklinginn.



Holta
KJÚKLINGUR

Grunnur að góðri máltíð



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað hefur fyrirtæki dóttur Gunnars Birgissonar fengið mikið fé frá Kópavogsbæ síðustu tíu ár?
2. Hversu mörg félög skoðar ríkisskattstjóri vegna tengsla við skattaskjól?
3. Hvaða erlenda hljómsveit samdi lagið sem Jónsi í Sigur Rós er búinn að endurhljóðblanda?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30



Í FULLUM SKRÚÐA Sérfræðingar LHG þurfa sérstakan klæðnað við vinnu sína.

MYND/LHG

Hreinsun eftir herinn:

Finna sprengjur í hundradavís

ÖRYGGISMÁL Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar vinnur að hreinsun á svokölluðu Patterson-svæði sem varnarliðið notaði til æfinga allt frá seinni heimsstyrjöldinni til brotthvarfs þeirra árið 2006. Verkefnið er unnið fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar og er áætlað að verkinu ljúki árið 2013.

Svæðið er um tólf ferkílómetrar að stærð. Árið 2005 fór sprengjusveit LHG á svæðið til forathugunar og fundu þeir 650 sprengjur á um 250 fermetra svæði sem er geysimikið magn. Margar af þeim sprengjum sem finnast eru enn virkar og því þarf vart að taka það fram að stórhættulegt er fyrir almenning að vera inni á svæðinu. -shá

Velferðarsjóður barna leitar eftir samstarfi við námskeiðshaldara í sumar:

Styður fátæk börn á námskeið

HJÁLPARSTARF Velferðarsjóður barna ætlar með verkefninu Sumargleði að tryggja jafnan aðgang barna og unglinga að íþrótt-, leikja- og tómsundanámskeiðum í sumar. Í tilkynningu frá sjóðnum segir að þar sem fjárhagur margra heimila hefur versnað undanfarið sé viðbúið að mörg þeirra eigi ekki kost á að senda unga fólk á slík námskeið.

Velferðarsjóðurinn muni koma til móts við heimilin og greiða niður stóran hluta gjalda á námskeiðum sem hljóti styrk.

„Við viljum að námskeiðin séu uppbyggð á vissan hátt. Og ef þau eru það, verður þáttökugjald barn-

anna greitt niður að einhverju leyti. Síðan skoðum við þau sem ekki uppfylla kröfurnar,“ segir Þórey Edda Elísadóttir verkefnisstjóri. Til að fyrirbyggja misskilning tekur hún fram að námskeiðshaldarar sækji um, ekki foreldrar.

Meðal skilyrða eru að námskeiðin séu dagnámskeið sem innihalda holla máltíð, fjölbreytt með fræðandi ívafi og stjórnað af fullorðnum og ábyrgum aðila. Velferðarsjóðurinn var stofnaður árið 2000 af Íslenskri erfðagreiningu og heilbrigðisráðuneytinu. Hann hefur áður styrkt börn á tekjuminni heimilum, og staðið fyrir Mentorverkefninu Vináttu.



SUMARNÁMSKEIÐ Námskeiðshaldarar geta sótt um styrk frá Velferðarsjóði, sem niðurgreiðir þáttökugjöld barna frá efnaminni heimilum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ekki fengust upplýsingar í gær um hversu miklu fé ætti að verja í Sumargleðina, en Þórey Edda segir að það verði dágóð summa. -kóp

Dagur barnsins:

40 skólar tóku þátt í sýningu

SAMFÉLAGSMÁL Ný sýning á vegum umboðsmanns barna verður sýnd í tengslum við dag barnsins hinn 24. maí. Sýningin nefnist Hvernig er að vera barn á Íslandi? og tóku hátt í þrjú þúsund grunn- og leikskólabörn úr 40 skólum þátt í henni. Markmiðið var að leyfa börnum að tjá sig á listrænan hátt um það hvað þeim finnst um að vera barn á Íslandi.

„Mér finnst að það eigi að vera frítt að stunda íþróttir svo allir hafi jafnmikla möguleika, hvort sem fjölskyldan er fátæk eða vill ekki borga,“ sagði nemandi í unglingsdeild. Sýningaropnun er 22. maí í Gerðubergi. -hds

Stefnt að hækkun skatta og lækkun ríkisútgjalda

Ríkisstjórnin mun leggja fram 38 frumvörp til laga og þingsályktunartillögur á sumarþingi. Fjármálaráðherra mun leggja til frumvörp um frekari sparnað ríkissjóðs og skattahækkunar.

ALÞINGI Ríkisstjórnin áætlað að leggja 38 frumvörp og þingsályktunartillögur fyrir Alþingi á sumarþingi.

Viðskiptaráðherra leggur fyrir flest mál, eða átta. Þar á meðal er frumvarp sem á að auka gagnsæi eignarhalds í hlutafélögum og einkahlutafélögum, heildarendurskoðun á lögum um sparisjóði og breytingar á hegðunar- og hæfisreglum í ljósi fjármálaáfallsins.

Fjármálaráðherra mun leggja fyrir sjö mál. Þar má finna frumvarp til breytinga á ýmsum skattalögum, þar sem talið er nauðsynlegt að auka tekjur á þessu ári. Þá verður lagt fram frumvarp til að lækka ríkisútgjöldin 2009. Þá verður einnig óskað eftir heimild til að veita ríkisábyrgð á lánunum til að styrkja gjaldeyrisforðann.

Umhverfisstjórnin mun leggja fyrir fimm mál. Þar ber hæst tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Félags- og tryggingamálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggja fram fjögur mál hvor. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun leggja fram

frumvarp sem heimilar strandveiðar. Lögð er til endurskoðun á lögum um hvali.

Félags- og tryggingamálaráðherra mun leggja fram þrjú frumvörp um breytingar á lögum er varðar starfsmenn, vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA og frumvarp um breytingu á frítekjumarkni vegna fjármagnstekna elli- og örorkulífeyrisþega.

Forsætisráðherra mun leggja til frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur, um ráðgefandi stjórnlagabing og breytingar á lögum vegna flutnings verkefna milli ráðuneyta.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun leggja til að unnt verði að taka upp persónukjör.

Menntamálaráðherra mun leggja til að LÍN falli frá kröfum um ábyrgðarmenn og fela háskólum að gefa út leyfisbréf til náms- og starfsráðgjafa.

Utanríkisráðherra leggur fyrir þingsályktunartillögu um aðildarviðræður við ESB og frumvarp um eftirlit með útlutningi hluta sem hafa hernaðarlega þýðingu.

Þá leggur heilbrigðisráðherra



HLEGIÐ Í ÞINGSAL Ekki er víst að alltaf verði svona glatt á hjalla hjá þeim Guðfríði Lilju Grétarsdóttur og Tryggva Þór Herbertssyni í sumar á meðan rædd verða hátt í 40 mál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STJÓRNARMÁLIN 38

Fjöldi frumvarpa og þingsályktana sem lögð verða fyrir sumarþing eftir ráðuneytum.

Forsætisráðuneytið	3	Menntamálaráðuneytið	2
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	2	Samgönguráðuneytið	0
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	4	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	4
Fjármálaráðuneytið	7	Umhverfisstjórnuneytið	5
Heilbrigðisráðuneytið	1	Utanríkisráðuneytið	2
Iðnaðarráðuneytið	0	Viðskiptaráðuneytið	8

fyrir frumvarp um að samræma ákvæði fjórtán laga sem gilda um heilbrigðisstéttir og fella í rammalöggjöf.

Iðnaðarráðherra og samgönguráðherra munu ekki leggja fram mál á sumarþingi.

svanborg@frettabladid.is

Utanríkisráðherrar Norðurlanda hittust í Brussel:

Össur spurði Bildt um ESB-tímasetningar

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, ræddu yfirvofandi umsókn Íslendinga um aðild að Evrópusambandinu í tengslum við fund EES-ráðsins í Brussel í vikunni. Össur segir að Bildt hafi spurt um tillögudrög ríkisstjórnarinnar um að senda inn umsókn um aðild að ESB, þeir hafi rætt tímasetningar af ef yrði og hvernig þetta yrði. Hann kveðst hafa spurt um ýmsa praktíska hluti.

Bildt sagði á bloggi sínu eftir fundinn með Össuri að áhugi Íslendinga á aðild yrði stöðugt sýnilegri. „Það að Svíar taki íslenskri umsókn fagnandi er nokkuð sem er sjálfsagt á norræna vísu,“ sagði Bildt. „En það þarf líka að afla stuðnings meðal annarra aðildarlönd.“

Össur segist hafa hitt alla utanríkisráðherra hinna norrænu ríkjanna í Brussel. Allir hafi þar heyrt um tillögudrög ríkisstjórnarinnar.

„Ég innti Bildt eftir ýmsum upplýsingum eins og til dæmis því hvort það væri komin stækkunarpregta í sambandið og ýmsa praktíska hluti. Hann spurði grann eftir pólitískri stöðu á Íslandi og hvernig gengi að vinna eftir áætlun



SPURÐI EFTIR STÖÐUNNI „Hann spurði grann eftir pólitískri stöðu á Íslandi,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um samtal sitt við Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðsins,“ segir Össur.

Svíar gegna formennsku í ESB á síðari helmingi þessa árs. Össur bendir á að ef Alþingi samþykki tillöguna og heimili ríkisstjórninni að leggja inn umsókn verði það í formannstíð Svía. Hann vill þó ekki meina að Svíar hjálpi Íslendingum eitthvað sérstaklega inn í ESB eða að Íslendingar komist fram fyrir Tyrki í röðinni. -ghs

Yfirvöld í Afganistan:

Vilja að loftárás-um verði hætt

KABUL, AP Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur beðið Bandaríkjamenn um að reyna að koma í veg fyrir dauða óbreyttra borgara og að hættu loftárásum á bæi og þorp.

Ríkisstjórn Afganistans telur að 140 óbreyttir borgarar hafi látist í átökum Bandaríkjahers og talibana á Farah-svæðinu í byrjun mánaðarins. Lögreglustjórnin í Farah segir að einnig hafi 25 til 30 talibana látið lífið. Þessu eru forsvarsmenn Bandaríkjahers ósammála. Þeir segja að 20 til 30 óbreyttir borgarar og 60 til 65 talibana hafi látist í átökunum.

Ríkisstjórn Afganistans kennir einnig loftárásu Bandaríkjahers um mannfall óbreyttra borgara en Bandaríkjaher hefur sakað talibana um að halda fólki í gíslingu og nota heimili þess sem vígi. -hds

ALÞINGI

Ósammála um tónlistarhús

Þingmenn Samfylkingar voru á Alþingi í gær ósammála um hvort fresta eigi byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Sigmundur Erni Rúnarsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru því fylgjandi en Steinunn Valdis Óskarsdóttir var því móttallin, þar sem það yrði mun dýrara að fresta framkvæmdum en halda áfram nú.

mpm.is

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

VOR Í ÍSLENSKRI VERKEFNASTJÓRNUN

Opin ráðstefna MPM námsins
Hótel Loftleiðum, þingsal 1-4

Föstudaginn 22. maí,
kl. 13-17.15

Útskriftarnemendur í MPM náminu kynna fjölbreytt lokaverkefni tengd verkefnastjórnun.

Dæmi um viðfangsefni eru:

- Hlutverk bakhjarla í verkefnum
- Verkefnastjórnun á heilbrigðisstofnunum
- Kvik (agile) verkefnastjórnun
- Stjórnunaraðferðir í fyrirtækjum og stofnunum
- Verkefnastjórnun á Alþingi
- Húmor í verkefnastjórnun

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKEFNA- OG NATTÚRVISINDASVÍÐ
IBNADARVERKEFNI, VÉLVERKEFNI OG TÖLVUNARFRÉDEIÐ

Sjá dagskrá á mpm.is
Allir velkomnir!

MPM • Hjarðarhaga 6 • 107 Reykjavík • sími 525 4700

Gamla grillið upp í á 10.000 kr.

OPIÐ
Í DAG
FRÁ KL. 10

Nú er tækifærið til að fá sér nýtt grill!

grandhall
living style

Grandhall Premium 323

- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra byrði úr stáli með há-glans áferð
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjakerfi
- Innbyggður hitamælir

Pú borgar

79.999 kr

ef þú skilar gamla grillinu

89.999 stk.



grandhall
living style

Grandhall Classic 219

- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar stálgrindur til eldunar
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjakerfi
- Ytra byrði úr 430 ryðfríu stáli
- Innbyggður hitamælir

Pú borgar

59.999 kr

ef þú skilar gamla grillinu

69.999 stk.



TÖKUM GAMLA GRILLIÐ
UPPI Á 10.000.-

Ef þú kaupir Grandhall grill tökum við gamla grillið upp í á

10.000kr.

Við sendum þér nýja grillið samsett heim og tökum það gamla.*

*Frí heimsending á stórhöfuðborgarsvæðinu

Úrval af Grillpro grillaukahlutum á frábæru verði



Grillpenslar



Maís höldur



Gaskveikjari



Grillpinnar




Trépinnar



Keramic steinar



Kjúklingagrind



Hamborgaragrind



Besta verðið!

19.999 kr

Verð áður 24.999.-



Besta verðið!

12.999 kr

Verð áður 15.999.-



Besta verðið!

7.999 kr

Verð áður 9.999.-



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 31. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



JAPANSPRINS Í EVRÓPU Akishino prins, sem er yngri sonur japönsku keisarahjónanna, er í tveggja vikna Evrópuferð með Kiko prinsessu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innanlandsleyniþjónusta Ísraels varar við meintum hættum á Facebook-vefnum:

Nýtt til að fá fólk til njósna

ÍSRAEL, AP Innanlands-leyniþjónusta Ísraels, Shin Bet, hefur hvatt almenning í landinu til að gæta varúðar við notkun Facebook-vefsins. Varar stofnunin við því að arabar reyni að nota þennan vinsæla vef til að fá fólk til njósna.

Í tilkynningu frá stofnuninni er sagt frá því að í einu tilvikinu hefði maður haft samband við Ísraela á Facebook og kynnt sig sem líbanskan leyniþjónustumann. Hann hefði boðið greiðslur fyrir upplýsingar um Ísrael.

Stofnunin varar ísraelska borgara við uppástungum um það sem við fyrstu sýn virðist vera saklausir fundir eða stefnumót, ef slíkar

uppástungur koma frá ókunnugu fólki. Slíkar uppástungur kunni að koma frá herskáum andstæðingum Ísraels sem hafi í hyggju að ræna fólki eða drepa.

„Hryðjuverkasamtök eru að nota þessa vef til að lokka Ísraela til að mæta eitthvert í eigin persónu til þess annaðhvort að ræna þeim eða fá þá til að stunda njósnir,“ segir í tilkynningu Shin Bet.

Á síðustu árum eru herskáir Palestínnumenn sagðir hafa nýtt sér internetið í auknum mæli í baráttu sinni gegn Ísraelum. Þannig hafa Hamas-liðar á Gasasvæðinu til að mynda notað Google Earth-forritið til að bæta nákvæmni heimasíð-



VIÐA LEYNAST HÆTTURNAR Shin Bet varar við misnotkun Facebook-vefsins.

aðra sprengjuflauga sinna, sem þeir varpa inn yfir Ísrael. - aa

Hraðamælingar í Kópavogi:

Meirihlutinn ók af hratt

LÖGREGLA Á einni klukkustund, eftir hádegi á mánudag, keyrðu 45 ökumenn of hratt á Borgarholtsbraut í Kópavogi. Með hjálp ómerktrar lögreglubifreiðar sem er búinn sérstakri myndavél var hægt að koma upp um hina brotlegu.

Af 80 ökumönnum sem öku Borgarholtsbrautina á þessum tíma öku 45 of hratt eða 56 prósent. Voru þessar mælingar hluti af umferðar- og hraðaeftirliti í og við íbúðagötur. Meðalhraði þeirra sem keyrðu of hratt var 46 km/klst en hámarkshraði er 30. Í mars öku 68 prósent ökumanna of hratt á þessum stað. - hds

Leikarinn Pierce Brosnan:

Vill Obama í lið gegn hvalveiði

HVALVEIÐAR Breski James Bond-leikarinn Pierce Brosnan hefur óskað eftir aðstoð Baracks Obama Bandaríkjaforseta í baráttunni gegn hvalveiðum, að sögn norska ríkisútvarpsins



PIERCE BROSNAN

NRK. Brosnan heimsótti embættismenn Obama-stjórnarinnar í Hvíta húsinu í síðustu viku til að ræða friðun hvala.

„Fólk heldur almennt að hvalir sé frið-

adír en það er rangt. Veiðar eru í fullum gangi. Bandaríska ríkisstjórnin verður að hefja viðræður við Norðmenn, Íslendinga og Japana eins fljótt og hægt er en þessar þrjár þjóðir veiða hval,“ sagði Brosnan eftir fundinn. - ghs

NEYTENDUR: Óánægja með skiptingu milli barna- og fullorðinsgjalds

Hvenær er maður fullorðinn?



KJARTAN GUDMUNDSSON neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Soffía hafði samband:

„Af því að okkur í fjölskyldunni langar til að fara utan á næsta ári þá erum við að sjálfsögðu byrjuð að skipuleggja okkur. Til þess fór ég inn á nokkrar heimasíður og setti inn skilyrði sem áttu við okkur og komst að því mér til mikillar hrellingar að vegna þess að sonur okkar er nýskriðinn yfir 12 ára aldurinn þurfum við að borga 3 fullorðinsgjöld ásamt ungabarnsgjaldi. Við athuguðum heimasíðu Úrvals-Útsýnar og völdum okkur „all inclusive“ til að spara okkur matarkostnað vegna hugsanlegs óhagstæðs gengis og fengum uppgjafið verð upp á 824.120 kr. (225 þús. á farþega en þó ódýrara fyrir ungabarnið sem þá verður með í för). Ef drengurinn er á bilinu 2-11 ára myndi sama ferð með þessu hóteli kosta 619.880 krónur. Ferðin var sett upp miðað við að við myndum ferðast til Tyrklandis.

Þess ber að geta að þetta var dýrasta dæmið en engu síður fór ég mér til gamans að fletta upp á ferðum í nágrenna-

ríkjum okkar og þrátt fyrir óhagstætt gengi og kostnað vegna flugs milli landa þá gæti það borgað sig fyrir okkur að fljúga frá t.d. Englandi vegna þess að þar er minna rúkkad fyrir unglínginn okkar. Sambærileg ferð með 4 stjörnu hóteli og „all inclusive“ myndi kosta okkur 2.250 pund með fleetwaytravel.com svo dæmi sé tekið. Þar er unglíngurinn okkar flokkaður sem barn enda fáránlegt að viðkomandi flokkist sem fullorðinn einstaklingur. Þess má geta að Icelandair og Iceland Express flokka 12 ára og eldri sem fullorðna en alvöru lággjaldaflugfélag eins og Easyjet-flugfélagið flokkar m.a.s. 13 ára og yngri sem börn.“

Margrét Helgadóttir, framkvæmdastjóri tekjustýringar hjá Úrvali-Útsýn, varð fyrir svörum:

„Tölf ára viðmiðið helgast bæði af flugvallarsköttum á Íslandi og þeim viðmiðum sem hótelin úti setja. Við þurfum að borga opinberan fullorðins-flugvallarskatt fyrir alla sem eru tólf ára og eldri.



Sama á við um flest hótél í Suður-Evrópu, að minnsta kosti þau sem við skiptum við. Ég man ekki í fljótu bragði eftir neinu hóteli sem ekki miðar fullorðinsgjald við tólf ára aldurinn.“

Hlynur Þ. Steingrímsson, s: 512 5439, hlynurs@365.is

Sigríður D. Sigurbjörnsdóttir, s: 512 5462, sigriddurdagny@365.is

Benedikt F. Jónsson, s: 512 5411, benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Í frumlegu landslagi Fjallsjökuls.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Fjallsjökull er sá flottasti

Fjórir fjallagarpar hafa stofnað fyrirtækið Jöklamenn, eða Glacier Guides, ásamt fjölskyldum sínum og skráð það á Fagurhólsmýri í Örafum. Þaðan ætla þeir að gera út.

Við verðum með allt frá léttum gönguferðum á jökli upp í ís- og klettaklifur. Mest verður um stuttar og auðveldar ferðir á Virkisjökul og aðeins lengri á Fjallsjökul,“ segir Einar Ísfeld Steinarsson, einn Jöklamanna. Hinir eru Torfi G. Yngvason, Jón Heiðar Andrésson og Jökull Bergmann. „Við erum búnir að fara nokkrar könnunarferðir og Fjallsjökull er flottasti jökull sem ég hef farið á og hef þó farið víða,“ segir Einar og lýsir honum nánar. „Þar er hver íshellirinn við annan og svo er hann svo hreinn.“

Fjölbreytilegar pakkaferðir verða líka í boði í samstarfi við aðra í ferðaþjónustunni að sögn Einars. Til dæmis ganga á Virkisjökul og náttúruskoðun í Ingólshöfða í sama pakka og einnig ganga á Fjallsjökul og sigling á Jökulsárlóni á eftir. „Okkur langar að ferðafólk upplifi stórbrotna náttúru þjóðgarðsins og dvelji sem



Einar Ísfeld í frumlegu landslagi Fjallsjökuls sem er skammt austan við Kvísker í Örafum.

lengst við rætur Vatnajökuls,“ segir hann.

Einar hefur verið í Örafum á sumrin síðastliðin sjö ár með Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og kveðst bera mikla virðingu fyrir jöklum. Aðalatriði sé að hafa öll öryggismál í lagi. Hann segir Jöklamenn vilja vera í eins góðu sambandi við heimafolk og kostur er. „Allir sem stunda ferðaþjónustu geta selt í ferðir fyrir Jökla-

menn og notið góðs af. Við viljum líka að sveitin njóti góðs af okkur enda eru bæjaryfirvöld fyrir austan með metnaðarfulla framtíðarsýn hvað varðar fjallaferðamennsku,“ segir hann og bætir við: „Draumurinn er svo að vera með fjallakaffihús í kaupfélaginu en við verðum að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.“ Heimasíða Jöklamanna er www.glaciarguides.is.

-gun

Nýtt hesthús tekið í notkun

Hestaleigan Eldhestar á Völlum í Ölfusi býður upp á fjölbreyttar hestaferðir. Hróðmar Bjarnason, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Eldhesta, segir fyrirtækið eiga um 250 hross og því sé sannarlega hægt að bjóða upp á reiðhesta við allra hæfi. Að auki sé stutt í að nýtt hesthús verði tekið í notkun.

„Eftir að við tókum gamla hesthúsið í gegn í fyrra gerðist það að jarðskjálftinn reið yfir með þeim afleiðingum að við þurftum að ráðast í að byggja nýtt hesthús. Nýja hesthúsið á eftir að verða mikil lyftistöng fyrir okkur, þar sem aðstaðan er frábær í alla staði,“ nefnir hann.

Að sögn Hróðmars bjóða Eldhestar upp á hestaferðir sem geta tekið allt frá einum klukkutíma upp í sjö daga. Dagsferðir fyrir-tækisins og styttri jafnt sem lengri



Þátttakendum er gefinn kostur á að upplifa fallega náttúru.

MYND/BIRGIT GUÐJÓNSDÓTTIR

ferðir eru farnar frá Völlum í Ölfusi. Lengri ferðirnar teygja anga sína nánast um land allt.

Vellir eru á milli Hveragerðis og Selfoss og ekki tekur nema um 30 mínútur að keyra þangað frá Reykjavík. Þar er einnig

lítið sveitahótel, Hótel Eldhestar, búið 26 tveggja manna herbergjum og matsal sem tekur um 70 til 80 manns, fyrir hestafólk og aðra sem vilja sækja í sveitasæluna. Allar nánari upplýsingar á vefsíðunni www.eldhestar.is.

-vg



ÓDÝRT
SUMARFRÍ
MEÐ
NORRÆNU

AKTU HRINGVEGINN MEÐ VIÐKOMU Í FÆREYJUM!



SÉRTILBOÐ
FÆREYJAR
10.400

Verð frá 10.400 á mann í klefa.
Verð miðast við að 4 ferðist saman með bíl
og gisti í klefa.
Gildir aðeins í eftirtöldum brottförum:
Frá Seyðisfirði 20/5, 27/5 og 3/6
Frá Færeyjum 25/5, 1/6 og 8/6

CRUISE -SIGLING
9.800
6 DAGA SIGLING
MEÐ NORRÆNU
20.MAÍ EÐA 27.MAÍ



Ef þú ert að íhuga að ferðast innanlands í sumar þá ættir þú að nýta þér sértíloboð Norrænu og koma við í Færeyjum. Það tekur aðeins 14.5 tíma að sigla til Færeyja og á leiðinni upplifir þú á hversu hrífandi hátt eyjarnar rísa úr hafinu. Það er enginn staður á jörðinni líkur eyjunum. Menningararfur og náttúrufergurð eru við hvert fótstípa. Stórfengleg fjöll og björg skera eyjarnar í kynleg mynstur, endalausir litir og ilmur, einstök birta og sérstakt dýralíf sem er skemmtilegt að sjá og heyra. Færeyjar er alveg einstakur staður sem býður upp á að tengja saman ró og frið ásamt náttúru- og menningarupplifun. Ekki láta þetta frábæra tækifæri renna þér úr greipum, við eigum aðeins takmarkað magn eftir af klefum og bílplássi á þeim dögum sem tilboðið er í gildi.

DANMÖRK
32.000

Verð frá kr. 32.000 á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Verð frá kr. 69.200 m.v. einn í 4m. klefa/inn á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.

FÆREYJAR - DANMÖRK - EVRÓPA

Frá Hanstholm í Danmörku er aðeins um 4ra tíma akstur til Flensborgar sem er við landamæri Þýskalands og Danmerkur. Þaðan er einfalt að aka til allra átta í Evrópu. Upplifð fjölbreytileika Evrópu, ferðist um rómantískar sögulegar borgir og farið á heimsklassa uppákomur og viðburði sem eru í boði á hverjum degi.



Breytt áætlun Norrænu skilar styttri siglingartíma -sjá www.smyril-line.is

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

DANMÖRK

Njóttu danska vorsins eða sumarsins í notalegum akstri um Danmörku. Leigðu þér sumarhús eða gistu á einhverju af þeim fjöldamörgu tjaldsvæða sem eru í boði um alla Danmörku. Fyrir þá sem ætla að gista á tjaldsvæðum er gott að skoða tengla okkar á heimasíðu smyril-line.is



Smyril Line Ísland
NORRÆNA
FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is
www.smyril-line.is





Alls eru 120 stæði á svæðinu.

Tjaldað við Litlu-Laxá

Nýtt tjaldvæði verður tekið í notkun á Flúðum um hvítasunnuhelgina, nánar tiltekið föstudaginn 29. maí. Það er á fögrum stað við Litlu-Laxá, smá spöl frá þorpinu, og þar eru 102 stæði. Hátt í helmingur þeirra hefur þegar verið leigður út, að sögn Ómars Olgeirssonar umsjónarmanns. Hann er líka með aðstöðu fyrir hópa, svo sem ættarmót, aðeins utan við aðaltjaldsvæðið.

Þrjú þjónustuhús eru á svæðinu. Eitt þeirra er með salernum og í hinum er setustofa og þvottaðastaða. Stórt útigrill og leiktæki eru á staðnum og þar næst líka þráðlaust internet.

Það er fyrirtækið Trog ehf. sem hefur byggt upp tjaldsvæðið í samstarfi við sveitarfélagið. Stefnt er að því að í framtíðinni flokkist það sem fimm stjörnu.

-gun



Bifreiðaklúbbur Suðurlands býður á rúntinn í bíl sem þessum.

MYND/VIGNIR ÁRNASON

Rúntað með hattadömur og herra í blankskóm

Menningarhátíðin Vor í Árborg hefst í dag og er margt í boði.

„Á Gallerí Gónhól á Eyrarbakka verður aldeilis margt um að vera,“ segir Anna S. Árnadóttir, formaður Bifreiðaklúbbs Suðurlands, en félagar í klúbbum ætla að rúnta með hattadömur og herra í blankskóm á milli Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selfoss dagana 21.-24. maí, á menningarhátíðinni Vor í Árborg.

„Á hverjum sunnudegi í sumar ætlum við líka að bjóða upp á þessa rúnttúra,“ nefnir hún og upplýsir að Fornbílafn verður einmitt opnað á Eyrarbakka síðar í sumar.

Á Gallerí Gónhól þar sem rúnturinn hefst er auk myndlistarsýningar hægt að kíkja á bænda-



Timburhúsin á Eyrarbakka voru flest byggð á árunum 1880-1930. Húsið Bráðræði, Túngötu 49, Eyrarbakka er yfir hundrað ára gamalt. MYND/ÚR EINKASAFNI

markað, spennandi markaðstorg og gæða sér á góðmeti á kaffihúsinu.

„Um aldamótin 1900 var Eyrarbakki höfuðstöðvar Suðurlands og eru timburhúsin þar byggð á tímabilinu 1880 til 1930,“ nefnir Lýður Pálsson, safnstjóri á Byggðasafni Árnesinga á Eyrarbakka, spurður

út í menningarlegt yfirbragð staðarins. Um 1980 var farið að gera þau upp að ráði.

„Á hverju ári er verið að gera upp gömul hús hér á staðnum,“ nefnir Lýður og bendir á húsið Bráðræði við Túngötu 49 á Eyrarbakka sem nýlegt dæmi því til staðfestingar.

„Húsið var 105 ára þegar ég keypti það árið 2005,“ segir Þorkell Valdimarsson, sem á ættir að rekja til Eyrarbakka. Þorkell fékk þá Guðmund og Gísla R. Kristjánssyni til verksins en þeir hafa getið sér gott orð fyrir að gera upp gömul timburhús á svæðinu á sem upprunalegastan hátt eftir þeim lögmálum sem gilda um húsverndun.

Hægt er að afla sér frekari upplýsingar á vefnum www.arborg.is.

-vg

● **BÝLI OPIN GESTUM** Víða um land starfa sveitabæir undir merkjum opins landbúnaðar en þeim er ætlað að gefa almenningi kost á að kynna sér þau störf sem unnin eru í sveitum landsins. Býlin, sem öll eru í samstarfi við Bændasamtök Íslands, eru með fjölbreytta starfsemi og mynda þversnið af íslenskum landbúnaði í dag.

Fjölmarginir bæir á Suðurlandi standa opnir gestum og hópum á öllum aldri. Þar er hægt að skoða sauðfjárbú, hrossabú, kúabú, garðyrkjubú með lífræna mat- og kryddjurtaæktun, garðyrkjustöð með blómarækt, fiskeldi og margt fleira. Á flestum bæjunum er aðstaða til að borða nesti og fá sér kaffisopa auk þess sem veitt er leiðsögn um búin og nágrenni þeirra. Sums staðar er einnig hægt að kaupa afurðir beint frá býli auk þess sem sumir bæir bjóða upp á hestakennslu, fræðslu og ýmislegt fleira.

Til að panta heimsókn og leiðsögn er haft beint samband við ábúendur á hverju býli fyrir sig en nánari upplýsingar er að finna á www.bondi.is



-ve

Halifax, Kanadaferð 2009

Ferðaskrifstofan Vesturheimur sf. skipuleggur ferð fyrir eldri borgara til Halifax í Nýja-Skotlandi í Kanada í september. Flogið verður frá Keflavík til Halifax og þar gist á sama hóteli í sjö nætur. Þaðan verða farnar dagsferðir á ýmsa merka staði.

Ferðadagar 10.-17.september.

Halifax er ekki stór borg en afskaplega notaleg og falleg. Meðalhitinn í september er 18 gráður. Íbúafjöldinn er um 360.000. Íslenskir vesturfara komu fyrst til Nýja-Skotlands árið 1875. Stjórn fylkisins hafði skipulagt svæði á svonefndum Elgsheiðum (Musquodoboit) sem ætlað var Íslendingum eingöngu. Þarna myndaðist lítil, íslensk nýlenda þar sem nokkrar fjölskyldur og einhleypingar reyndu að draga fram lífið í nokkur ár. – Jóhann Magnús Bjarnason lýsir mannlífinu þarna ágætlega í skáldsögu sinni, Eiríki Hanssyni. Heilum degi verður varið til þess að skoða þetta svæði með afkomendum landnámsmanna.

Innifalið í verði, kr.157.000 m.v.tvíbýli, er flug, gisting með morgunverði, hádegismatur tvisvar, allur akstur, skoðunarferðir, aðgangur að söfnum og fararstjórn.



Frá Halifax – Borgarvirkið fyrir miðju er rétt hjá hótelinu

Merkir staðir sem skoðaðir verða í borginni:

1. Maritime Museum of the Atlantic - Sjóminjasafn
2. Halifax Citadel National Historic Site - Borgarvirki
3. Pier 21 National Historic Site - Innflytjendasafn
4. Nova Scotia Museum of Natural History - Þjóðminjasafn

Skoðunarferðir: Ferðirnar hefjast kl. 9:00 og þeim lýkur á hóteli sama dag undir kvöld. Áætlaðar eru a.m.k. fjórar dagsferðir.

Frekari upplýsingar og skráning er hjá fararstjóra, Jónasi Þór, í síma 551-0165 og á jonas.thor1@gmail.com.

Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 650

BYLGIJAN
989
- ALLIR ERU AD HLUSTA!



Frá gosloka hátíð í Vestmannaeyjum.

MYND/ÓSKAR

Goslokum fagnað

Gosloka hátíðin í Vestmannaeyjum verður haldin helgina 3. til 5. júlí í ár. Undirbúningur er hafinn en til stendur að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa.

Á gosloka hátíð er goslokanna í Heimaey minnst með ýmsum hætti. Þá er minnst goslokanna hinn 3. júlí 1973, en Heimaeyjargosið hófst 23. janúar sama ár. Veglega var haldið upp á goslokin

árið 1998 þegar 25 ár voru frá goslokum. Síðan þá hefur verið haldið upp á goslokin á hverju ári.

Hátíðin er minni í sniðum en þjóðhátíðin en mun fjölskylduvænni. Gamlir Eyjamenn snúa aftur frá meginlandinu til þess að endurnýja gömul kynni, og viðstöðulausri dagskrá er haldið uppi víða um bæinn.

-sg

Sunnlenskir tónar

Hátíðin Vor í Árborg verður haldin dagana 21. til 24. maí. Þar kennir ýmissa grasa en einna hæst ber dagskrána sem verður í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi.

Á fimmtudagskvöld heldur kór Fjölbrotaskóla Suðurlands árlega vortónleika ásamt hljómsveitinni Karma. Dagskráin samanstendur af lögum eftir Gunnar Þórðarson, en hann ásamt Engilbert Jensen munu heiðra tónleikagesti með nærveru sinni og leika með kórnum.

Á föstudag verða rokkónleikar, tónleikar ungmenna í Árborg í íþróttahúsinu. Þar stígur á svið fjöldi þekktara og efnilegra hljómsveita á borð við Dikta, Allra veðra von, Desibil og Rokkabil Divas. Á laugardag er á dagskrá Saga sveitaballanna í tali og tónum, sem haldin verður klukkan 20.30. Þar fer Ólafur Þórarinnsson, betur þekktur sem Labbi í Mánum, ásamt fríðum flokki manna yfir sögu sveitaballanna á Suðurlandi. Fram kemur fjöldi tónlistarmanna, svo sem



Ingó kemur fram á Sögu sveitaballanna í tali og tónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gunnar Þórðarson, Hjördís Geirsdóttir, Einar Bárðarson og Ingólfur Þórarinnsson, eða Ingó.

Lokapunkturinn í Iðu verður á sunnudaginn klukkan 14 þegar fjölskylduhátíð verður haldin í íþróttahúsinu. Þar mun Íslenski dansflokkurinn meðal annars koma fram. Nánar á www.arborg.is.

-sg

Ungur hönnuður á Höfn

Peysur með nýju humarmynstri hafa litið dagsins ljós. Hönnuðurinn er Sólveig Ýr Jónsdóttir, sem verður tólf ára í september. Móðir hennar, Kolbrún Jónsdóttir, er ein þeirra sem standa að handverks-húsinu Handraðanum en hann fékk 150 þúsund úr atvinnu- og rannsóknarsjóði til hönnunar á eigin þróunamunstrum sem tengjast séreinkennum staðarins. Þær mæðgur hafa hjálpast að við að útfæra munstrið sem verður notað í peysur, húfur,

vettlinga, sokka og vasapelahlífur.

Sólveig er í Hafnarskóla og nemur þar meðal annars nýsköpun. Það segir hún hafa nýst við hönnunina. „Við lærðum að minnka og stækka form og það kom sér vel því humarinn verður misstór.“ Hún kveðst hafa samþykkt að Handraðinn fengi munstrin til afnota ef afi hennar, Ágúst Þorbjörnsson, mætti eiga fyrstu peysuna.

Heimild/rikivatna-jokuls.is.

-gun



Hönnuðurinn ungi, Sólveig Ýr, með afa sínum Ágústi Þorbjörnssyni.

MYND/RIKIVATNAJOKULS.IS/BEGGA

EINSI KALDI

VEISLUÞJÓNUSTA



Einsi Kaldi er veisluþjónusta í Höllinni í Vestmannaeyjum, metnaðarfullt fyrirtæki, með gott og reynslumikið starfsfólk.

Við sérhæfum okkur í veislum af öllum gerðum og stærðargráðum eins og brúðkaupsveislur, ættarmót, árgangsmót, afmæli, pinnamat, snittur, erfidrykkjur og margt fleira.



Hópar ofan af fastalandinu hafa farið með hópa út í úteyjar og á bát svo eitthvað sé nefnt.

Í Höllinni er hægt að taka á mótí öllum gerðum af hópum, smáum sem stórum.

Við notum mikið af staðbundnu hráefni, þar leikur fiskur stærsta hlutverkið, enda fæst hann ekki feskari en ný kominn á land af bátunum við Eyjar.



Einsi Kaldi Veisluþjónusta ehf S: 698 2572

Reykholt

Biskupstungum
Sælureitur á Suðurlandi



Kaffi Klettur

Vinallegt veitingahús sem tekur allt að 50 manns í sæti. Áhersla er lögð á íslenskar matarhefðir og hráefni úr heimabyggð. Reglulega er efnt til skemmtikvöld með menningarívafi á Klettinum, sem er í senn veitingastaður, kaffihús og krá. Sími: 486 1310 og 847 5057. kaffiklettur@simnet.is

Gistiheimilið Húsið

Við Bjarkarbraut í Reykholti, gisting í uppþúnum rúmum eða svefnpokagisting, morgunverður, eldunaraðstaða, heitur pottur. Sími: 486 8680 og 897 5728. husid@best.is

Tjaldsvæðið Reykholti

Vel staðsett nálægt allri þjónustu: sundlaug, verslun, íþróttavellir og leikvöllur. Fjölbreyttir dagsferðamöguleikar í nágrenninu, náttúruperlur og sögustaðir. Sími: 893 1434 og 897 5728. husid@best.is

Rekstraraðilar eru Steinunn Bjarnadóttir og Kjartan Jóhannsson
Reykholt er á Gullna hringnum, aðeins í 90 km fjarlægð frá Reykjavík og 18 km frá Geysi.
Sumir kunna að þekkja staðinn undir nafninu Aratunga.



Bændasamtökin hafa orðið vör við aukinn áhuga á verkefningu Beint frá býli.

NORDICPHOTOS/GETTY


Beint af býlinu í bílinn

Í sumar er tilvalið að fækka sveittum sjoppuborgurum á ferðalögum um landið og fá sér frekar ferskt gæðafæði beint frá bóndanum.

Reykt sauðakjöt, rabarbaraafurðir, fíflahunang, lífrænt grænmeti, sultur, alikálfakjöt, broddmjólk, rúgbrauð og hrossabjúgu eru nokkur dæmi um þær afurðir sem hægt er að kaupa beint af sunnlenskum bændum.

„Við verðum vör við mikinn áhuga hjá almenningi og það er líka mjög mikill áhugi hjá bændum að fara út í þetta, með öðru,“ segir Árni Snæbjörnsson, starfsmaður Bændasamtakanna og verkefnisstjóri Beint frá býli, félagi heimavinnsluáðila. „Það er greinilega stemning í samfélaginu fyrir þessu. Það er sérstafan og fjölbreytileikinn sem fólk sækir í. Að versla beint frá býli er hrein viðbót, bæði fyrir neytendur og framleiðendur.“

Vert er að benda áhugasömum á nýútkominn bækling Ferðabjónustu bænda, Beint frá býli og Bændasamtaka Íslands. Hann má meðal annars grípa á bensínstöðvum á leið út úr bænum. Þar er að finna upplýsingar um flest býli sem bjóða slík viðskipti, auk upplýsinga um allt mögulegt sem í boði er í sveitum landsins, allt



frá mat, gistingu og afþreyingu. Bændurnir eru misjafnlega langt á veg komnir þegar kemur að þjónustu við neytendur. Sumir hafa sett upp verslanir og selja afurðirnar í fullbúnum neytendapakkn-

ingum, á meðan aðrir eru rétt að stíga sín fyrstu skref. Þátttakendum í félaginu Beint frá býli fjölga með hverri vikunni. Í dag eru 70 bæir víðs vegar um land orðnir þátttakendur í því. -hhs

Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisáðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírátt sýnir. Við erum auðvitað rifandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...


Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

● **LESIÐ Í LANDIÐ** Sesseljuhús umhverfissetur býður til fræðslufunda þrjá laugardaga nú í sumar þar sem lært verður að lesa í landið. Þá er átt við að lesa í landslagið og að skoða fugla og jurtir. Sérfræðingur á hverju sviði mun flytja stutt erindi en síðan verður farið út í náttúruna að skoða.

Fræðslustundin er hugsuð fyrir alla fjölskylduna en nú þegar hefur verið haldin ein fræðslustund, 16. maí síðastliðinn. Þá var landslagið skoðað með augum jarðfræðingsins en Jón Eiríksson, jarðfræðingur við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, sá um leiðsögn. Næsti fundur er 30. maí en

þá mun Jóhann Óli Hilmarsson hjá Fugla-vernd kenna fólki að þekkja fugla og þá er mikilvægt að muna eftir að hafa kiki meðferðis. Síðasti fundurinn er síðan 27. júní og ber hann yfirskriftina „Lítu niður! Að læra að þekkja íslenskar lækningajurtir“. Þar mun Jón E. Gunnlaugsson, áhugamaður um nýtingu jurta til heilsueflingar, vera til leiðsagnar.

Allir eru velkomnir á fræðslufundina og er aðgangur ókeypis. Fundirnir hefjast klukkan 13 og standa yfir í 1 til 2 klukkustundir í senn. -hs



Óvenjulegur völlur í Eyjum

Glæsilega golfvelli er víða að finna á Suðurlandi. Þeirra á meðal er golfvöllur Golfklúbbs Vestmannaeyja sem þykir einn sá skemmtilegasti og jafnframt óvenjulegasti á öllu landinu. Völlurinn er í Herjólfssdal og endar bratt í sjávarhömrum vestan til á Heimaey, þannig að þeir sem spila verða að taka vindinn með í reikninginn þegar þeir slá kúluna, þar sem ekki er mikið um logndaga í Eyjum.

Þess skal getið að frá golfvöllinum er stutt í aðra afþreyingu og ferðabjónustu.

Um golfvelli á Suðurlandi má lesa nánar á www.nat.is/golf og www.south.is. -rve



*Velkomin í Vatnaveröld
í Reykjanesbæ
Sund er holl skemmtun!*



OPIÐ

6:45 - 21:00 virka daga

8:00 - 18:00 um helgar

Það er frítt í sund fyrir börn í Reykjanesbæ!



REYKJANESBÆR
-heilbrigður bæri!



Við fjöruborðið nýtur mikilla vinsælda.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sælkeramatur úr sjónum

Veitingahúsið Við fjöruborðið á Stokkseyri hefur getið sér góðan orðstír fyrir vandaða matargerð og ekki síst humarinn, sem er framreiddur í ýmsum myndum.

Ekki er langt síðan staðurinn var stækkaður, en þá var ný álma meðal annars byggð vestast og salirnir þrír, sem taka 230 gesti í sæti og nefnast Himinninn, Hafið og Tjaldið, betur aðskildir. Allar nánari upplýsingar á vefsíðunni www.fjorubordid.is.



Þakgil er afar skjólsælt og fagurt á að líta.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Gist í náttúru- perlu í suðri

Náttúruperlan Þakgil er á Höfðabrekkuafreitti milli Mýrdalsjökuls og Mýrdalssands, um fjórtán kílómetra frá Þjóðveginum. Eins og nafn gilsins bendir til er þar mikil veðursæld en hafist var handa við uppbyggingu ferðamannaáðstöðunnar í Þakgili vorið 2001 og opnað þar tjaldsvæði á miðju sumri 2002 sem tekur hátt í 600 manns.

Aðstaðan í Þakgili verður opnuð nú um mánaðamótin og verður opið fram á haust. Beygt er út af Þjóðveginum við Höfðabrekku sem er fimm kílómetra austan við Vík. Ekið er sem leið liggur inn á heiðar, eftir vegi sem var Þjóðvegur númer 1 til ársins 1955, þar til komið er að skilti sem bendir inn í Þakgil. Vegurinn inn í Þakgil er fær öllum bílum. Margar fallegar gönguleiðir við allra hæfi eru á svæðinu. Tjaldsvæði, snyrting og sturta eru á staðnum. Matsalurinn er náttúrulegur hellir og í honum eru borð og bekkir og bæði kamína og grill. -hs

62%

40%




Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–80 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 - apríl 2009.

Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírátt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Lestur á höfuðborgarsvæðinu



Allt sem þú þarft...

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN
- NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Draumastarfið í draumalandinu?

Einstaklega gefandi og skemmtileg starfsgrein sem er að sama skapi krefjandi og áhugaverð.

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRIÐUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025



LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL



ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



Óskum eftir:
Fellihýsum, hjólhýsum, tjaldvögnum og húsbílum á skrá og á staðinn ATH. INNISALUR sjá söluskrá okkar www.bilabankinn.is 5.588 0700.

Óskum eftir eftirfarandi bílum til kaups:

Toyota Hilux, Toyota Hiace, Mmc L-200 árgerðir frá 1986-1997 meiga vera bílaðir ryðgaðir beyglaðir og ljótr upplýsingar sendar á tölvupóst arni@bilabankinn.is eða í síma 588 0700 Bilabankinn.

Bilabankinn
Breiðhófa, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opíð 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

SPORTX



JCB 2,5 tonna 8025 2007 ek. aðeins 350 tíma Fleygur og staurabor fylgir. Yfirtaka láns!



Volvo FL-6 2000 árg ekin 200þ verð 1790þús. lán 1400 þús. Skoða öll skipti. S. 897 6040.

Sport-X
Draupnisgötu 7, 600 Akureyri
Sími: 5642323 / 8976040
Verslun og viðgerðarþjónusta á staðnum
www.sportx.is

HEIMSBÍLAR



Löggiltur bifreiðarsali Tryggvi B. Andersen s. 663 0505. Skrá - skipta - selja - kaupa. Hvað getum við gert fyrir þig?



Löggiltur bifreiðarsali Garðar Smárason s. 660 7575. Skrá - skipta - selja - kaupa. Hvað getum við gert fyrir þig?

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is



HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

CAN-AM RENEGADE X 800. GÖTUSKRÁÐ Árgerð 2008, ekin 50 klt., BENSÍN, Sjálfskipt. Verð 2,1. milljón Lán 2,1 milljón 100% lán GEGGJUÐ GRÆJA Rnr.128056 Óskum einnig eftir hjólum og hjólhýsum á skrá.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



FORD TRANSIT CHALLENGER GENESIS 32 Árg 2007 ek 8 þ.km, Glæsilegur bíll. Skoðar skipti á ódýrari húsbíl. Ekki missa af þessum



Fiat Joint Z480 Árg 2007 ek 6 þ.km, Markísa, sólarsetla, tv og loftnet Nánast nýr bíll. Er á staðnum til sýnis og sölu. Opíð 1 dag og alla helgina



FIAT ELNAGH CLIPPER 70 Árg 2004 ek 28 þ.km, Flottur bíll. Er á staðnum til sýnis og sölu Opíð 1 dag og alla helgina.



FORD DETHLEFFS A6975 FORTERO Árg 2008 ek 7 þ.km, markísa, svefnpláss fyrir 6, hjólagrind, cruise control, stór ísskápur, loftnet SJÓN ER SÖGU RÍKARI Er á staðnum til sýnis og sölu Opíð 1 dag og alla helgina.



FIAT ELNAGH CLIPPER 90 Árg 2004 ek aðeins 15 þ.km, Loftpúðar að aftan, tv, loftnet Markísa, stórglæsilegur bíll. Er á staðnum til sýnis og sölu. Opíð 1 dag og alla helgina.



FORD TRANSIT ELNAGH Árg 2004 ek 128 þ.km, Er á tvöföldu að aftan Er á staðnum til sýnis og sölu Opíð 1 dag og alla helgina.

Lykilbílar ehf
Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasolur.is/lykilbilar



Óskum eftir Toyota Hilux bílum. Árgerðir 1988 til 2001. Bensín eða Dísel skiptir ekki máli. Erum með kaupendur. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á toyotaselfossi@toyotaselfossi.is



Óskum eftir Toyota Hiace bílum. Árgerðir 1990 til 2000. Bensín eða Dísel skoðum bæði. Erum með kaupendur. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á toyotaselfossi@toyotaselfossi.is



Toyota Land Cruiser 200 VX 35" (136593) 1/2008, dísel, ssk, ekin 28.000 km, 35" breyttur, ljóst leður, navi, toppluga, dráttarkr, ofl... Asett verð 14.290 þús.



Toyota Land Cruiser 100 VX 38" (136296) 7/2006, dísel, ssk, ekin 67.000 km, 38" breyttur á 35" dekkjum, grátt leður, dráttarkr. tölvukubbur, ofl... Asett verð 8.490 þús.



Toyota Land Cruiser 100 TDI (112197) 9/2000, dísel, ssk, ekin 238.000 km, 18" felgur, grátt leður, toppluga, filmur, dráttarkr, allur samlitur, ofl... Asett verð 2.490 þús.



Toyota Avensis Wagon Sol (112701) 5/2003, bensín, ssk, ekin 112.000 km, loftkæling, hiti í sætum, filmur, ofl... Asett verð 1.790 þús. Áhvalandi 1.450.000 kr. FÆST Á YFIRTÖKU !



Dodge Ram 2500 Quad Cab (112665) 2007, dísel, ssk, ekin 74.000 km, leður, pallhús, dráttarkr, ofl... Asett verð 4.390 þús. Áhvalandi 3.890.000 kr.



Skoda Octavia Ambiente Diesel (136695) 7/2006, dísel, ssk, ekin 58.000 km, 16" felgur, filmur, dráttarkr, ofl... Asett verð 2.460 þús.



Ford F150 (271677) 1/2003, bensín, ssk, ekin 74.000 km, leður, álfelgur, pallhús, dráttarkr. ofl... Asett verð 1.390 þús.



Toyota Selfossi
Fosnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is



Takkt!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



SUZUKI GSX-R 750, árg 2006, ek 9,þ km, 168kg, 153 hestöfl, 6 gira, Flott hjól, Aukaseti fyrir farþega fylgir, Verð 1.190 þ. Opíð 1 dag frá kl 12 - 16, Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700.



VERÐ 390 þ.
VW GOLF COMFORTLINE, árg 10/1998, ek 132,þ km, 1.6L beinskíptur, 3 dyra, Nýleg tímareim Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700.

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is




Renault Master diesel árg. 2005, stærri vélin, 18 manna, ekin aðeins 65 þús. km., lítur mjög vel út, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 3.950.000,- S. 821 6292.



Renault Traffic árgerð 2006, ekin 88 þús.km., 10 manna, ný tímareim, sk.'11, verð kr. 2.650.000,- S. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292



Óskum eftir öllum gerðum af móturhjóllum og fjórhjóllum á skrá og í sölu, getum tekið hjól á staðinn, sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Yaris árg 99 4 dyra beinsk. ekin 178 þús nýskoðaður í finu standi. Verð 320þús. Uppl. í síma 820 9085.



Til sölu Toyota Corolla Sedan 1,4 VTI árg. 07/2004. Ekin 67 þ.km. Beinskíptur, sumar og vetrardekk. Asett verð kr. 1.300.000 Tilboðsverð kr. 950.000 staðgreitt. Gott eintak. S. 822 1216.



VARAHLUTIR AUKAHLUTIR
Sérpöntun vara- og aukahluti fyrir allar gerðir bíla beint frá Ameríku!

YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í SÉRPÖNTUNUM
S: 590 2000



Til sölu

VINSÆLASTA HESTAKERRAN

For Williams Trailers

MAÍTILBOÐ 1.390.000 m/vsk og skráningu

Óflugur 2ja óxla grindarbyggðar 4-6 hesta kerrur á blaðfjórðum og 16 tommu Land Rover felgum. Millipíli, gummimottur í gólfi og varahjól fylgir.

Krókhálsi 16, Reykjavík • sími 588 2600 • www.velaver.is

Hjólaðu í vinnuna!

WILDCAT

250cc

Götuskráð fjórhjól á aðeins kr. **450.000** með vsk. og skráningu

Rafstart Diskabremsur 5+1 girar Rafmagnsspil

Krókhálsi 16, Reykjavík • sími 588 2600 • www.velaver.is



Glæsilegur Benz C230K Sport, árg 05 ekin 50þ. Yfirtaka á láni, uppl. í s. 897-3236

MOTHERS
There is no shine like mothers

MOTHERS Bón og bíllhreinisvörurnar fást á Höfðabíllum, kynntu þér málið. S. 577 4747. www.hofdabillar.is



2 stk Fjarstýrðir Bensínbílar. Cen Genesis 7.7 RTR 5 HP. Annar er nýr og hinn er tilkeyrður. Monster Truck uppl. 820-0070 verð tilboð

Til sölu Renault Master '00, VW Caravelle '99 mjög góðir í húsbíla. Einnig Mustang '95. S. 894 3765.

skoda octavia 1600. bsk. ekin 145.000 km. árgærd 1999. Ný skoðaður '10 verð 345þús. Nánari upplýsingar í síma. 6925190

0-250 þús.



Vortilboð!! Til sölu MMC L-200 árg 92 ek 138 þús, bensín, stráheill pickup, sk 10, verð 290 þ.s. 663 5901.



Tilboð
Galopper '98, 7 manna, 2,5 dísel, ek. 200 þ. Góður bíll. Verð 290 þ. Uppl. í s. 659 3459.



140 þús!!!
Skoda felicia station árg. '97 ek 140 þús með skoðun og í lagi, verð 140 þús s.841 8955



TILBOÐ 180 ÞÚS!!!
Hyundai elantra 1600 árg 98 ek 180 þús, skoðaður '09 og í finu lagi verð 180 þús s. 841 8955.

Ódýrir góðir!! Volvo 850 '94 ssk. v. 95þ. Nissan Almera 5d, 5g., ek. 100þ. nýsk. sem nýr. V. 160þ. S. 844 6609 & 845 4072.

Opel Corsa 1998 til sölu. Ónýt vél, en ýmslegt annað gott. Nýtt þúst. Er enn á númerum. Sími: 893-9197

1-2 milljónir



Til sölu Mazda RX-8 árgærd 2004 ekin 42000. Innfluttur 2005 sem vatnstjóns-bíll. Ný skoðaður. Frekari upplýsingar hjá Bílahúsinu. Sími 421 8808.



SKODA OCTAVIA 1,8 TURBO 4X4 STW, árg. 2005, ek. 52 þ. km. Bensín, bs, verð 1890 þ. Skoða skipti á ódýrari. Upplýsingar í s. 895 5577.

2 milljónir +



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4, árg. 2006, ekin 53 þ.km. Bensínþ, Bs. Verð 2500 þ. Skoða skipti á ódýrari. Upplýsingar í s. 895 5577.



Subaru Legacy Sedan 08-2006 ek. aðeins 52þ.km sjálfskiptur. Verð 2.930.000,- ATH skipti á ódýrari. Uppl. í síma 848 4490.



KIA SPORTAGE 2,0 DIESEL SJÁLFSK, árg. 2005, ek. 79 þús. Verð 2480 þ. Skoða skipti á ódýrari. S. 895 5577.



R.Rover 4,4 Vouge 2006 ek. aðeins 54þkm. Toppluga 20 „ Felgur Gott eintak Verð 7.900.000,- ath skipti ód. uppl. í síma 895 5577.



CHRYSLER 300C AWD LIMITED árg. 2007, ek. 17 þús. Innfluttur nýr, með öllu. Verð 4890 þ. Skoða skipti á ódýrari. S. 895 5577.

Bílar óskast



Nú er tími notaðra bíla
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Söluakostnaður frá aðeins 29.900,- fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska eftir bíl fyrir ca. 50þ. má vera jeppi. Verður að vera í góðu lagi og helst sk. S. 897 8015.

Óska eftir sk. bíl á 50-150 þús. S. 567 3496 & 857 0422.

!!BÍLL ÓSKAST Á 50-150 þús!!

má þarfnast lagfæringar uppl. 845-2071

Óska eftir bíl
Óska eftir bíl fyrir allt að 150.000,- stgr. UNDIR LISTAVERÐI má þarfnast lagfæringa ekki eldri en '97 árg. uppl. í síma 861 7600.

Óska eftir kælibíl
Óska eftir sendiferðabíl með kælibúnaði, má vera hvaða gerð sem er. Má kosta allt að 3 millj. Nánari uppl. í s. 690 3408.

ALLT AÐ 300þ. stgr. Helst stadion, ekki eldri en 98, ekki ekin meira en ca.160.000, verður að vera á vel niðursettu verði. S:8662655

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Toyota sendibíla og allar teg. Peugeot. Nánari uppl. í s.661 2222.

Óska eftir ódýrum bíl, 30-90 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Sagafilm óskar eftir nýlegum Range Rover sport með tjónuðum framenda til nota í sjónvarpsupptöku. Uppl. s. 822 2504.

0-150 STADGREITT!!!

Óska eftir bíl ekki eldri en '97 má þarfnast lagfæringa á 0-150 þús. skoða allt s. 691 9374.

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablasarar 12 & 24volt, dísel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Toyota Land Cruiser 120 GX 11/2007 d.blár, ek. 28.þús. dísil, ssk. sölluga, dráttarbeisli ofl. aukahlutir. verð 6.650 þús. Uppl. í síma 693 3066.

Óska eftir Combi Camp tjaldvagni með fortjaldi. Ekki eldri en árgærd 00. S: 8651982

Daewoo Nubira Station árg. 2003 Ekin 103þkm grænn á litinn verð 330þ. Megane Station árg. 2000 Ekin 180þkm verð 245þ sími 6163078

Sendibílar

Tilboð!! DAF 75-270 árg 95, ek 310 þ, skoðaður, heilopnun á hlið og 2 tn lyfta, ath sk. v. 2,2 s. 663 5901.

Til sölu Peugeot partner árg. 99. Toppgrind og dráttarkrókur. Ek. 189þ. Uppl. s. 896 5778.

Vörubílar

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarbjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Mótorhjól

Óska eftir hjóli á 100-250þús helst hippa en allt kemur til greina s:770 6689.

Husberg 450 enduro árg '05 ekið 2000 km. Mjög vel með farið verð 690 þús. Uppl í s: 820-0070

Suzuki Gsx-R600 til sölu. Árg. '07, svart, ek. 2500km, mjög falllegt hjól. V. 1.200þ. Bílalan getur fylgt. Uppl. í s. 663 4453.

Reiðhjól

Rafmagnsreiðhjól - engin tryggingar-íðgjöld / bensínkostnaður. www.el-bike.is

Kerrur



Innanmál: 105x84x32 cm - heildarþyngd 350 kg - burðargeta 277 kg - dekk 8" TILBOÐ: 45.900 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is



Innanmál: 125x91x35 cm - heildarþyngd 450 kg - burðargeta 371 kg - dekk 8" TILBOÐ: 62.900 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

Hjólhýsi

Tabbert DaVinci kojuhús, árgærd 2007, hlaðið aukabúnaði til sölu. Glæsilegt hús með Alde hitakerfi, sólarshellu, sjónvarpsloftneti (ekkert sjónvarp), CD og útvarpi, 4 hátalarar, markísa + hliðar. Algjört draumahús. Nánari upplýsingar í síma 892 3342

Óska eftir Hobby 560 UKF kojuhúsi. Ca. árg. '07 Uppl. í s. 898 7075 / 867 5075.

Pallhýsi



Travel Lite Pallhýsi
Síðustu húsin á gamla verðinu í Ferðapallhýsi Oddagötu 8 Rvk s. 663 4646

Tjaldvagnar



Vinnuvélar



Tilboð!!! Fassi 1,5 micro krani til sölu, í góðu standi, fætur og vökvadæla fylgja, v 350 þús. s 663 5901.

Bílaþjónusta



Hjólbarðar



Oliur og dekk fyrir motocross og enduro með 15% afslætti dagana 12-25 Maí á Maxxis og Michelin dekkjum og Olíum frá Motul Hagkaup Garðabæ opið 10-20 alla daga S 563 5411

Varahlutir



Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Vantar varahluti í vél eða bíll niðurrifs fyrir Ford Mando. Sími 699 6529.

Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Catí, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avenis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Vantar vél í M.Benz 250TD. '95, 5cyl. bensín. Skoða líka 6 cyl., 250-300, bensín,dísel. Haukur 694-4427.

Viðgerðir



ÞJÓNUSTA


Hreingerningar



Ræstingar

Erum tvær sem tökum að okkur þrif í heimahúsum og stígaöngum. Erum vandvirkar og reglusamar. S. 849 9887.

Garðyrkja




Góð Gæði ehf
Smágröfubjónusta
Sími 892 8043 - Laugavegur 13 Síminnet.is

Húsa og sumarhúsa-eigendur
tek að mér hvers kyns garðvinnu t.d. þökulagnir, fjarlægja tré, drenlagnir, skólplagnir, jarðvegsskipti í innkeyrslum, hellulögn og fleira. Er með gám undir garðaúrgang. S. 892 8043.



Tökum að okkur stærri og smærri verk. Traust og allhliða þjónusta. VALDÍS S. 846 0864 (SLÁTTUR + BEÐAHREINSANIR), HÖRÐUR MÁR S. 897 0951 (ÖLL ÖNNUR VERK). Sláttumenn



Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsamíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Trjáklippingar - garðyrkja.
Klippi tré og runna og fellir tré. Fljót og góð þjónusta. Látid fagmann vinna verkin. Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643.

HELLULAGNIR - LÓDAGERÐ

Láttu fagmann vinna verkð, yfir 20 ára reynsla, þekking, ráðgjöf og vönduð vinna. Uppl. 771 3030, Trausti.

Fáðu nýtt og betra tilboð í GARÐSLÁTTINN. Fyrir húsfélag og einstaklinga. ENGI, 857 3506.

Klippir runna, limgærði og fellir tré. Önnur garðverk. Garðþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Tökum að okkur garðsláttur fyrir húsfélag og einstaklinga í allt sumar. Gott verð! s. 663-6321 mail. gardslatturinn@gmail.com

Tek að mér slátt fyrir húsfélag og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Tæti garða og fjarlæggi sand úr sandkössum og uppmokstur úr löðum. S. 691 2976.

Trjáklippingar

Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur. S. 848 1723.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu- og garðþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörmu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf sif.

Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Málarar

Múrum og málum !

Tökum að okkur múr- og málingarvinnu, stór og smá verk. Örug þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.

ISLAND MÁLUN

PARF AD FARA AD HUGA AD VIDHALDI Á HÚSINU ?

ER KOMINN TÍMI Á AD MÁLA ?

TÖKUM AÐ OKKUR: Múrviðgerðir, flotun, múrhúðun, flisalagnir, úti, inni og þakmálun, spörtun og fleira.

Komum og gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu!

Elias Raben - Múrarmeistari

S. 770 3686 eliasraben@gmail.com

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, sanngjarnt verð! Uppl. í s. 695 1918.

Málarmeistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafli, fyrirtækjafi, planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald

VIDHALDSVIRKNI

S 517-0117 & 661-0117

Málarmeistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðum, flisalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.

www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

Hús & Þök

894-3790

Allar almennar þak og húsviðgerðir !!

Rafvirkjar
Píparar
Smiðir
Málarar
Múrarar
Flisalagnir

Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

Frændur

Pípulagningaþjónusta

Sjåum um viðhald, breytingar og nýtlagnir. Gerum tilboð og tímavinnu í stór og smá verk.

Stjani: 659 2961
Ingvar: 847 4980

Húsviðhald

Tökum að okkur sprungu og múrviðgerðir, trésmiðavinnu, málingarvinnu utanhúss og innan, þakviðgerðir og fleira tengt almennu húsviðhaldi. Gerum föst tilboð að kostnaðarlausu eða tímavinnu. Bjóðum örugga þjónusta og læra fagmenn. Uppl. í s. 869 3934.

567 7570 892 2994

BROT BORTÆKNI

ÞAKKING • REYNSLA

www.bortakenni.is

STEYPUSÖGUN KJARNABORUN MÚRBROT

567-7570

Fagþjónusta - Allt á einum stað

Getum bætt við okkur í flisalögn, múrverki, pípulögn, málingu, parketlögn, glerisetningu og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Múrviðgerðir, tröppur og málun

Múrviðgerðir, tröppur og málun. Geri tilboð innan viku yður að kostnaðarlausu. Hinrik, s. 892 9499.

MÚRARAMEISTARI: Vönduð vinna og góð verð. Áratugareynsla. S: 567 6245 & 896 5778

Tröppur

Hef sérhæft mig í viðgerðum á tröppum. Set hitastreng, viðgerðir, fyltun eða flotun. S. 892 9499.

Glerjun og gluggaviðgerðir

Öll glerskipti - leitid tilboða. Glugga og hurðþjónunstan sími 895 5511 - smidi.is

vandvirkur.is

Vantar þig smið? Vandvirkir fagmenn. vandvirkur.is. Uppl. s. 663 0518 & 898 0771.

Húsviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Múrvertakar

Múrvertakar geta bætt við öllu almennu múrverki eða múrviðgerðum. Einnig flisalagnir og hellulagnir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Stíflubjónusta

Stíflubjónustan ehf

S. 554 2255 / 896 5800

Stíflulosun-röramyndum

www.stiflutjonustan.is

Tölvur

Alhliða tölvu- og netviðgerðir, gagnaþjörgun og ráðgjöf. Kem á staðinn. Þar sem aðrir klicka kem ég við sögu. Gott verð!! Baldvin, S. 699 6735.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Faglegt heilnudd

Heilsusamlegt, slakandi og heitsteina nudd. Karólína, nuddari/sjúkraþjálfari. Uppl. í s. 694 6518.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lesur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

662 8211

www.orlogalinan.is

Örlaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Spálinur Sjáandans

Opið virka daga Sjáandinn S. 908 2727 kl. 20-22 þri.-fim

Sibba 908 2507 kl. 22-24

Sunna 908 2407 kl. 14-23

Spádómar og ráðgjöf

Englaliós

S. 908 7000 & 863 1987

Tarot, miðlun, fyrirbærir

Opið alla daga frá 12-01 VISA/EURO

Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákunni Sírrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýtlögnum.

Fljót og góð þjónusta Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggitur rafverktaki
www.raflagnir.is

Raflagnir

Rafljónusta, dyrasímaþjónusta, töfluskripti, tilboð. Rafneisti ehf. Sími 896 6025.

Önnur þjónusta

GSG VEGMERKING

• Bilastæðamálun
• Vélsöpun
• Malbiksviðgerðir

s. 580 4800 www.bilastaed.is

KEYPT & SELT

Til sölu



Hrollvektan Last House on the Left er byggð á samnefndri mynd frá áttunda áratugnum. Myndin fjallar um fjóra unga glæpamenn sem rekast á tvær grunlausar stelpur í litlu fjallaborpi, drepa aðra þeirra og nauða hinni á hrottalegan hátt. Þeir flýja og leita skjóls í nálægu sumarhúsi sem reynist vera sumarhús foreldra stelpnanna. Eftir að foreldrarirnir komast að því hvað strákarnir gerðu við dætur þeirra leita þeir hefnda. Myndin fær 6,9 af 10 í einkunn á IMDb.com og 42% á RottenTomatoes.com.

Wes Craven er mættur aftur með einhvern ROSALEGASTA THRILLER SIDARI ARA.

★★★★ CHICAGO TRIBUNE
★★★★ PREMIERE
★★★★ NEW YORK POST

THE LAST HOUSE ON THE LEFT

ath. **STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.**

TAKMARKABUR SÝNINGARFJÖLD!

JONAS BROTHERS
THE 80 CONCERT EXPERIENCE

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	SELFOSS
THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 6 - 8 - 10:20	16	X MEN - ORIGINS WOLVERINE kl. 8
THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 1:30 - 4 - 8 - 10:20	VIP	NEW IN TOWN kl. 8
HANNAH MONTANA kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30	L	STÍGVELADI KÖTTURINN mysl.tali kl. 6
STAR TREK XI kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	10	DRAUMALANDIÐ kl. 6
NEW IN TOWN kl. 8:20	L	THE UNBORN kl. 10:20
STÍGVELADI KÖTTURINN mysl.tali kl. 2D - 4D - 6D	L	STAR TREK XI kl. 10:20
OBSERVE AND REPORT kl. 8 - 10:20	16	AKUREYRI
17 AGAIN kl. 4 - 6	L	THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 8 - 10
I LOVE YOU MAN kl. 10:20	12	HANNA MONTANA kl. 6 - 8
MONSTERS VS ALIENS mysl.tali kl. 1:30 - 3:40	L	STÍGVELADI KÖTTURINN mysl.tali kl. 6
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA mysl.tali kl. 2	L	STAR TREK XI kl. 10
KRINGLUNNI		KEFLAVÍK
THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 8 - 10:20	16	NIGHT AT THE MUSEUM kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10
JONAS BROTHERS 3D kl. 6(3D) - 8(3D)	L	HANNAH MONTANA kl. 3:40
STAR TREK XI kl. 10D	10	DRAUMALANDIÐ kl. 6
HANNAH MONTANA kl. 3:40 - 5:50 - 8	L	STATE OF PLAY kl. 8
ALFRED ELÁSSON OG LOFTLEIÐANÝND kl. 5:30D	L	OBSERVE AND REPORT kl. 10:20
STÍGVELADI KÖTTURINN mysl.tali kl. 4D	L	
MONSTERS VS ALIENS mysl.tali kl. 3:30	L	
LEY THE RIGHT ONE IN kl. 10:20 síð sýn	16	

SparBió 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGULU

SparBió 850kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGULU



BARNALÁNIÐ LEIKUR VIÐ LÁRU Elsta dóttirin, Helga Rut, er með kærastanum á Spáni en þau Iðunn Hulda, Lilja Sóley, Hekla Sól og Haukur Lár mættu að sjálfsögðu til að fagna með mómmu.

Sprite og beljuvín í kreppuhófi

Kreppudrottningin Lára Ómarsdóttir hélt hóf á þriðjudag til að fagna nýútkominni bók sinni, Hagsýni og hamingja. Lára hvatti viðstadda eindregið til að gera sér veitingarnar að góðu því þær væru ókeypis.



GÖMUL BRÝNI ÚR BRANSANUM Faðir Lára, Ómar Ragnarsson, er ekki þekktur fyrir að verða óhófinu að bráð né heldur Heimir Már Pétursson – eftir því sem næst verður komist.



STOLTUR AF SINNI FRÚ Haukur Olavsson er ánægður með sína atorkusömu konu – og það eru einnig fyrrverandi félagar Lára af 365, þau Kristinn Hrafnsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

„Já, ég sagði fólki náttúrulega að drekka eins mikið og það gæti því vinið væri því að kostnaðarlaus. Fólk á alltaf að borða vel og drekka mikið í veislum ef það er ókeypis,“ segir Lára Ómarsdóttir fréttamaður og býður lesendum Fréttablaðsins upp á ókeypis kreppuráð.

Útgefandi Lára, Veröld, bauð til útgáfuteitis í tilefni útkomu bókar Lára, Hagsýni og hamingja, en þar er farið í saumana á því hvernig best sé að höndla kreppuna. Útgefandinn bauð upp á Sprite og hvítvín úr belju og segir Lára það vel

veitt. Viðtökur við bókinni hafa farið fram úr björtustu vonum. Þótt bókinn sé nýútkomin náði hún engu síður inn á topp tíu-lista Eymundsson yfir best seldu bækurnar. „Ótrúlega góðar viðtökur,“ segir Lára en stór hópur kom til að fagna með henni, vinir og vanda menn. „Elsta stelpa mín, hún Helga Rut, er reyndar úti á Spáni með kærastanum. Hún er orðin

svo stór. En Iðunn Hulda, Lilja Sóley, Hekla Sól og Haukur Lár öll Hauksbörn voru að sjálfsögðu á staðnum. Já, ég á þau öll með sama manni,“ segir Lára aðspurð og hlær. „Ég hef bara sofið hjá einum manni. Og loks þegar strákurinn kom eftir fjórar stelpur gátum við hætt þessu. Hann heitir enda í höfuðið á okkur báðum.“

jakob@frettabladid.is

NÝTT Í BIÓ!

HEIMSFUMSÝNING!
NIGHT AT THE MUSEUM 2

Pegar ljósin slökkna byrjar fjörið... aftur! ... og nú í stærsta safni í heimi!

LÚXUS

ENGLAR & DJÓFLAR
ANGELS & DEMONS

★★★★★
-M.M.J., KVIKMYNDIR.COM -T.V., KVIKMYNDIR.IS

★★★★★
-S.V., MBL
Ó.H.T., Rás 2

LÚXUS

STÓRMYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BIÓ!

X-MEN ORIGINS WOLVERINE

★★★★★
-S.V., Mbl.

SMÁRABÍÓ	SÍMI 564 0000	TILBOÐSVERÐ	HÁSKÓLABÍÓ	SÍMI 530 1919	TILBOÐSVERÐ
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 1-3:20-5:40-8-10:20	L	NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 3:20-5:40-8-10:20	L
NIGHT AT THE MUSEUM 2 LÚXUS	kl. 1-3:20-5:40	L	ANGELS & DEMONS	kl. 3-6-9	14
ANGELS & DEMONS	kl. 1-3-5-6-8-9-10:50	14	THE BOAT THAT ROCKED	kl. 6-9	12
ANGELS & DEMONS LÚXUS	kl. 8-10:50	14	X-MEN WOLVERINE	kl. 3:40-10	14
X-MEN WOLVERINE	kl. 1-3:20-5:40-8-10:20	14	DRAUMALANDIÐ	kl. 4-6-8	L
MÚMÍNALFARNIR	kl. 1	L			
		▲ 5%			
REGNBÓGINN Sími 551 9000	750 kr.		BORGARBIÓ Sími 462 3500		
ÓDÝRT Í BIÓ!			NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 6-8-10	L
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 3:20-5:40-8-10:20	L	ANGELS & DEMONS	kl. 6-9	14
ANGELS & DEMONS	kl. 2:30-5:30-8:30	14			
X-MEN WOLVERINE	kl. 3:20-5:40-8-10:20	14			
BOAT THAT ROCKED	kl. 3-8	12			
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 5:40-10:40	16			

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BIÓDANINN MED KREDITORTI

AUKAKRÓNUR

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBIÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3.40 HÁSKÓLABÍÓ	550 kr.	550 kr.	550 kr.	550 kr.
KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3.20 HÁSKÓLABÍÓ				
KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ				
KL.1 SMÁRABÍÓ				

Sími: 553 2075 LAUGARAS BIÓ - bara lúxus

Frábær ævintýra gamanmynd í anda fyrri myndar!

NIGHT AT THE MUSEUM 2
ATH. SÝND KL.2

Pegar ljósin slökkna byrjar fjörið... aftur! ... og nú í stærsta safni í heimi!

Múminálfarnir
Órlaganóttin

ATH. SÝND KL.2

Íslenskt tal

17 AGAIN
ZACEFRON

ATH. SÝND KL.2

550 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

Karin Herzog

Switzerland 

Líkamskrem frá Karin Herzog
STERKUR – STINNARI og FALLEGRI



21. maí - 27. maí
20%
Afsláttur

SILHOUETTE

Fyrir fullkominn líkama

4% súrefniskrem sem vinnur á appelsínuhúð og sliti, framleitt til að virka á þau svæði líkamans sem eru mest útsett fyrir fitu og uppsöfnun á fituvef, svo sem mjöðmum, rasskinnum, lærum og maga.

- Brýtur niður fitu
- Örvar blóðrásina
- Sléttir og gefur húðinni raka

20% afsláttur af Silhouette í Kringlunni og í Smáralind - tilboðið gildir frá 21. til 27. maí eða á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Patrekur og Atli líklega áfram

Góðar líkur eru á því að Patrekur Jóhannesson og Atli Hilmarsson verði áfram þjálfarar karla- og kvennaliðs Stjörnunnar. Þór Jónsson, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, sagði viðræður við þá vel á veg komnar og ætí aðeins eftir að ganga frá formsatriðum í samningagerðinni. Þá staðfesti Þór einnig að Florentina Stanciu, markvörður Íslands- og bikarmeistaraliðs Stjörnunnar, hafi skrifað undir þriggja ára samning við félagið.



sport
sport@frettabla-

ARON KRISTJÁNSSON: ÁKVÆÐ AÐ VERA ÁFRAM HJÁ HAUKUM OG GERÐI TVEGGJA ÁRA SAMNING

Gríðarlega erfitt að taka þessa ákvörðun

Aron Kristjánsson verður ekki næsti þjálfari danska úrvalsdeildarfélagins Århus eins og honum stóð til boða. Þess í stað ákvað hann að vera um kyrrt í Hafnarfirðinum og hefur hann skrifað undir tveggja ára samning við félagið.

Tvö áru eru liðin síðan Aron tók við Haukaliðinu og undir hans stjórn hefur liðið orðið Íslandsmeistari bæði árin. Honum stóð einnig til boða að taka við norska félaginu Drammen.

„Það var gríðarlega erfitt að taka þessa ákvörðun,“ sagði Aron í samtali við Fréttablaðið. „Okkur í fjölskyldunni leið mjög vel í Danmörku á sínum tíma og það er spennandi að starfa þar sem þjálfari. Deildin er mjög sterk og aðstæður góðar,“ bætti Aron við en hann var þjálfari Skjern áður en hann kom heim til Íslands.

„Ég hefði þess vegna getað skipt um skoðun fram á allra síðustu stundu og jafnvel eftir að ákvörðunin var tekin.“

Hann segir þó spennandi verkefni bíða sín hjá Haukum. „Það er ýmislegt þar sem maður vill gera betur eins og að búa til meiri stöðugleika í félaginu. Þar eru einnig margir ungir leikmenn sem ég vil vinna með og efla. Haukar eiga töluvert af ungum leikmönnum sem eru mjög spennandi og geta orðið mjög góðir.“

Aron segir að tímasetningin á viðræðunum við Århus hafi ekki verið góð. „Ég hefði skilið Haukana eftir í mjög erfiðri stöðu og þá er það mikið fyrirtæki að rífa upp fjölskylduna og taka



börnin úr skóla. Það hafði mikið að segja. En vonandi koma önnur tækifæri síðar og ekkert sem útilokar að ég fari út síðar. Það verður bara að koma í ljós. Ég vil skila meiru til íslensks handbolta áður en kemur að því.“

Hann segist alls ekki orðinn saddur af árangri Haukana undanfarin ár. „Nei, alls ekki. Nú er næst á dagskrá að setjast niður og ræða möguleikana fyrir næsta tímabil sem verður mjög spennandi.“

„Lifewave-plástrarnir eru blekking“

Magnús Jóhannsson, læknir og prófessor í lyfja- og eiturefnafræði, segir að Lifewave-plástrarnir séu ein mesta blekking síðari ára eða mesta uppgötvun í læknisfræði fyrr og síðar. Fólk megi svo velja hvort það telji líklega. Hann segir fyrirtækið beita blekkingum og engar sannanir séu fyrir því að plástrarnir virki.



GAMLIR FÉLAGAR Þeir Luka Kostic og Milan Stefan Jankovic þekkjast vel og munu stýra liði Grindavíkur í sameiningu.

MYND/UMFG

Þjálfarabreyting í Grindavík:

Kostic tekur við

FÓTBOLTI Luka Kostic er tekinn við þjálfun Grindavíkur sem leikur í Pepsi-deild karla. Milan Stefan Jankovic bað um að fá að hætta sem þjálfari liðsins eftir leikinn gegn Fjölni á mánudagskvöldið en hann verður þó aðstoðarþjálfari Kostic auk þess sem hann sinnir öðrum störfum.

Jankovic sagði í samtali við Fréttablaðið að hann væri búinn að fá sig fullsaddan af dómaramálum hér á landi. Hann fékk tveggja leikja bann fyrir rauða spjaldið sem hann fékk í leikslök á mánudaginn. Hann var ósáttur við störf Þorvalds Árnasonar dómara.

„Ég fékk mína refsingu og var allt í lagi með það. En dómarrinn á líka að fá sína refsingu. Það gerist í öllum öðrum löndum heimansins að dómurum sé refsað fyrir slæma frammistöðu. Ég vil bara að eitt gangi yfir alla.“

Ítarlegt viðtal við Jankovic má finna á Vísi.is.

- esá

ÍPRÓTTIR Fréttablaðið birti frétt í síðustu viku um að svokallaðir orkuplástrar frá Lifewave væru að slá í gegn hjá íslensku íþróttafólki. Fjöldi þeirra er farinn að nota plástrana og má jafnvel tala um nýtt æði í þessum efnunum.

Margir efast þó stórlega um hversu mikið þessir plástrar virki í raun og veru og einn þeirra er Magnús Jóhannsson, læknir og prófessor í lyfja- og eiturefnafræði.

„Ég gef ekki mikið fyrir málflutning þeirra sem selja þessa plástra. Fræðimenn bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa skoðað þetta og niðurstaða þeirra allra er sú að þessir plástrar séu blekking. Það er í rauninni bara um tvennt að velja. Annað hvort er þetta ein mesta blekking síðari ára eða mesta uppgötvun í læknisfræði fyrr og síðar. Fólk verður svo að ákveða hverju það trúir,“ sagði Magnús.

Uppfinningamaðurinn er huldu- maður

„Stundum setja þeir þetta upp eins og þetta sé einhvers konar form af nálastungum. Þeir sem vita eitt-hvað um þau málefni, og ég geri það meðal annars, vita að þessir plástrar hafa ekkert með það að gera. Til að nálastunguadferðin virki þarf ertingu eða nálastungu. Það er einmitt það sem plástrarnir eiga ekki að gera. Sumir tala svo um að þetta sé hómópatía og það er líka fráleitt. Hómópatía gengur út á að gefa efni í litlum skömmtum. Það er einhvers konar inntaka.“

Þetta hefur ekkert með nálastungu eða hómópatíu að gera. Samkvæmt lýsingu fer ekkert í gegnum húðina nema einhverjar bylgjur sem eru ótilgreindar og óskilgreindar og enginn veit hvað



ENN EIN BLEKKINGIN? Lifewave-plástrarnir, sem fjöldi íslenskra íþróttamanna notar og þar á meðal KR-ingarnir Bjarni Guðjónsson og Jónas Guðni Sævarsson, er blekking að mati fræðimanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

er. Þær eiga að hafa áhrif á frum- ur líkamans og stjórna þeim. Ef svo er þá er þetta einhver merki- legasta nýjung í læknisvísindum síðustu alda hið minnsta. Það er að segja ef það er hægt að stjórna frumum líkamans með einhverjum bylgjum. Þess utan veit enginn hvaða bylgjur þetta eru,“ sagði Magnús.

Lifewave-fyrirtækið, sem framleiðir plástrana, er einnig vafasamt fyrirtæki að mati Magnúsar.

„Þar er einhver mikill uppfinningamaður sem heitir David

Schmidt. Hann er stofnandi fyrirtækisins og maðurinn á bak við vörurnar. Hann á að hafa fundið þær upp. Það er ekkert vitað um þann mann. Það er eins og hann hafi enga menntun og hafi hvergi unnið nokkurs staðar áður. Það er reyndar mynd af honum á síðunni. Þetta er vinalægur maður og ekki ólíkur Ástþóri Magnússyni í útliti. Þessi Schmidt hefur verið margbeðinn um að sýna ferilskrá sína en hann vill ekki gera það,“ sagði Magnús og bætir við að fleira grunn- samlegt sé í gangi hjá Lifewave.

„Þeir státa sig af því í auglýsingum sem og á vefsíðu sinni að hafa gert rannsóknir í tveimur háskólum í Bandaríkjunum á virkni plástranna. Hvorugur skólinn kannast nokkuð við að slíkar rannsóknir hafi átt sér stað þar. Þeir neita því að hafa átt samskipti við þetta fyrirtæki, sem lýgur því að þessar rannsóknir hafi átt sér stað. Það hafa aldrei verið birtar neinar rannsóknar- niðurstöður fyrir utan þessa tvo skóla en það virðist vera upplög- ið,“ sagði Magnús, sem gefur heldur ekki mikið fyrir lækni fyrir- tækisins.

Hugmyndin frá Star Trek?

„Það er einn læknir á snærum Lifewave og hann hefur mikið verið notaður í auglýsingaskyni. Þessi læknir hefur misst lækn- ingaleyfið í að minnsta kosti þremur ríkjum í Bandaríkjunum, þar á meðal í hinu stóra ríki Kaliforníu. Ástæðan er að hann hefur verið að ávísa lyfjum á rangan hátt. Hann er því ekki talinn merkilegur pappír. Þetta ber allt að sama brunni,“ sagði Magnús, sem útilokar ekki að hugmyndin af plástrunum hafi fæðst í Star Trek-þætti.

„Þar er læknir sem er reyndar vélmenni. Hann er með tæki sem maður ber nálægt líkamanum og það skynjar einhverjar bylgjur. Svo setur hann tækið í samband við tölvu og tölvann finnur út hvað sé að. Svo kemur læknirinn aftur með tækið að líkamanum og þá læknast viðkomandi. Hugmyndin gæti hafa komið þaðan. Það þarf ekkert að segja meira. Það eru engar sannanir fyrir virkni plástr- anna og ekkert sem segir okkur að trú þessu. Í mínum huga er þetta bara blekking til þess að hafa pen- inga af fólki.“

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT

Ítalska úrvalsdeildin

Lazio - Reggina 1-0
Emil Hallfreðsson var á meðal varamanna Reggina sem féll úr ítölsku úrvalsdeildinni í gær.

Þýska úrvalsdeildin

Lemgo - Balingen 33-29
Vignir Svavarsson skoraði tvö mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson lék ekki með vegna meiðsla.

Margrét Bjarnadóttir danshöfundur

Hefur fulla trú á að dansinn vaxi sem listgrein hér á landi í nánustu framtíð



föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun

Allt sem þú þarft



BIKARINN Á LOFT Shakhtar Donetsk frá Úkraínu varð í gær Evrópumeistari félagsliða eftir 2-1 sigur á þýska liðinu Werder Bremen í framlengdum úrslitaleik UEFA-bikarkeppinnar. Hér er það fyrirlíði Donetsk, Króatinn Dario Srna, sem lyftir bikarnum á loft en hann lagði upp sigurmark sinna manna fyrir Brasilíumanninn Jadson.

NORDIC PHOTOS/AFP

Ísland vann sex marka sigur á Sviss í gær:

Þrjár sigrar gegn Sviss

HANDBOLTI Ísland vann í gær sigur á Sviss, 32-26, í þriðja æfingaleik liðanna á jafn mörgum dögum. Ísland vann alla leikina og var Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari, ánægður með útkomuna.

„Ég sé bæði plúsa og mínusa í leik liðsins enda sjaldgæft að vera 100 prósent sáttur eftir þriggja leikja einvígi. En nú veit ég betur hvar leikmenn standa og þetta voru því fínir leikir og ekki síður góð úrslit.“

Hann segir að allir 20 leikmenn liðsins hafi fengið að spreyta sig. „Það fengu allir leikmenn sínar mínútur og við vorum því að fá helling úr þessum leikjum. Sviss leikur einnig framliggjandi vörn og var gott að fá að spila gegn slíku liði.“

Stella Sigurðardóttir skoraði sex marka Íslands í gær og þær



ÁTTA MÖRK Stella Sigurðardóttir var markahæst í íslenska liðinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sólveig Lára Kjærnested og Elísabet Gunnarsdóttir fimm hvor.

Eftir tvær vikur heldur liðið til Portúgals þar sem tveir æfingaleikir eru á dagskrá. Þá tekur við sumarfrí en liðið er að undirbúa sig fyrir undankeppni EM sem hefst í haust.

- esá

**Pökkum góðar móttökur
í nýrri verslun í Holtagörðum.**

Opið í dag 13-17
Laugardag 11-18
Sunnudag 12-17

20% afsláttur af barnahjólum

Tilboðin gilda aðeins í Holtagörðum.

Komdu og gerðu góð kaup fyrir sumarið.



> Sally Field

„Breytingar eru aldrei auðveldar en oftast nauðsynlegar.“

Field fer með hlutverk Noru Walker í þættinum *Bræður og systur* sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON GERIR UPP BANDARÍSKU IDOL-KEPPNINA

Úr fyrirbærum í frábæra söngvara

Úrslitabátturinn í American Idol-keppninni var sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 seint í gærkvöldi. Adam Lambert og hinn sykursæti Kris Allen áttust þar við og þegar þessi grein er skrifuð er ekki vitað hver þar sigur úr bítum.

Þó má telja næsta víst að Adam Lambert hafi unnið örugglega, enda hefur hann alla tíð skarað fram úr og sýnt ótrúlega sönghæfileika. Sjaldan hefur einn keppandi haft jafnmikla yfirburði í Idol og fengið jafn mikinn meðbyr og hann í þessari seríu. Með sitt breiða raddsvið virðist hann ráða við hvaða tónlistarstíl sem er og útlitð háir honum heldur ekki, þrátt fyrir að ofnotkun hans á fördunarvörum fari reyndar langt út fyrir öll velsæmismörk.



TVEIR Á TOPPNUM Adam Lambert og Kris Allen áttust við í beinni útsendingu í gærkvöldi.

Annars hefur þessi Idol-þáttaröð verið fin skemmtun. Skemmtilegust var hún í áheyrnarprufunum í byrjun þar sem dramatíkin var allsráðandi og hver furðufuglinn á fætur öðrum fékk að spreyta sig. Síðan þá hefur þátturinn snúist úr því að vera fyrirbærasyning í það að vera hefðbundin söngvakeppni, uppfull af frábærum söngvörum sem allir gætu náð langt á komandi árum.

Ófurhrensikilni Simons Cowell fékk einnig að njóta sín sérlega vel í byrjun en síðan þá hefur hann haft frekar lítinn tíma til að tjá sig, enda dómaramirnir orðnir fjórir talsins og allir með sína skoðun. Það er ekki góð þróun því Simon er hin eina sanna stjarna þáttarins og því mega framleiðendurnir ekki gleyma.

FIMMTUDAGUR



▶ 19.40 *The O.C.* STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.00 *All of Us* SKJÁREINN



▶ 20.00 *Man in the Iron Mask* STÖÐ 2 BIÓ



▶ 20.45 *The Mentalist* (15:23) STÖÐ 2



▶ 22.15 *Nýgræðingar* SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstudningur okkar Lítil prinsessa, Halli og risaæðlufatan, Skordýrin í Sólarlaut, Franklín, Bitte nú!, Skúli Skelfir og Hróðurinn Hreinn.

09.50 Þöddulíf (A Bug's Life)

11.23 Hróðurinn Hreinn

11.30 Bjarnasveitin (The Country Bears)

12.55 Blindsýn (Blindsight) (e)

14.40 Mark! (Goal!) (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Anass (e)

17.45 Tómas og Tím (2:16)

18.00 Stundin okkar (e)

18.30 Úr vöndu að ráða (1:7) (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Steypa Heimildarmynd þar sem fylgst er með sjö listamönnum um tveggja ára skeið.

20.45 Bræður og systur (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

21.30 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

▶ 22.15 Nýgræðingar (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækning J.D. Dorian og ótrúlegar upptökur sem hann lendir í.

22.40 Anna Pihl (Anna Pihl) (4:10) (e)

23.25 Rebus - Fyrsti steinninn (Rebus: The First Stone) (e)

00.35 Dagskrárlök

BIÓ

08.10 Johnny Dangerously

10.00 Aquamarine

12.00 Shrek

14.00 Johnny Dangerously

16.00 Aquamarine

18.00 Shrek

▶ **20.00 Man in the Iron Mask**

22.10 Edison

00.00 The Machinist

02.00 Jagged Edge

04.00 Edison

06.00 The Last Time

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Lalli, Elías, Svampur Sveinsson, Áfram Diegó, áfram!, Dóra könnuður, Íkomastrákurinn, Bratz og A.T.O.M.

10.30 The Daltons

12.00 Hollyoaks (194:260)

12.25 Ally McBeal (2:21)

13.10 Logi í beinni

13.55 Addiction

15.25 Two and a Half Men (12:19)

15.55 The Producers Max Bialystock er fyrverandi stjarna á Broadway sem framleiddi ekkert nema snilldarverk en nú er sagan önnur. Allar sýningar sem hann reynir að setja upp kolfalla og hann er við það að gefast upp þar til endurskoðandinn kemur til hans með snilldarhugmynd sem getur varla brugðist.

18.05 Friends (5:25) Bestu vinir allra landsmanna eru nú komnir aftur í sjónvarpið. Ein vinsælasta sjónvarpsþættir sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monica og Chandler frá byrjun.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.53 Íþróttir

19.35 The Simpsons (16:22) Marge setur upp fuglahæðu í matjurtagarðinum sínum til að fæla í burtu krákurnar. Gallinn er sá að Hómer er skíthæddur við fuglahæðuna og laumast til að eyðileggja hana. Eftir það líta krákurnar á Hómer sem leiðtoga og fylgja honum hvert sem hann fer.

20.00 Hell's Kitchen Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi Gordon Ramsey er nú maettur í fjórða sinn og nú svari en nokkru fyrir. Hann er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi.

▶ **20.45 The Mentalist** (15:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.

21.30 Twenty Four (17:24) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn stæðir nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálf-sögðu sá eini sem er fær um að bjarga málinum.

22.15 Octopussy

00.25 Damages (11:13)

01.05 The Producers

03.15 Longford

04.45 Population 436

SPORT

besta sætið

07.00 Shakhtar Donetsk - Werder Bremen Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópukeppni félagsliða.

16.50 Shakhtar Donetsk - Werder Bremen Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópukeppni félagsliða.

18.40 PGA Tour 2009 - Valero Texas Open Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

19.35 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

20.00 F1. Við rásmarkíð Hitað upp fyrir komandi keppni. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

20.30 F1. Mónakó / Æfingar

21.00 NBA tilþríf Öll bestu tilþríf vikunnar í NBA körfuboltanum.

21.25 Pepsímörkin 2009 Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar.

22.25 Poker After Dark

23.10 NBA 2008/2009 - Playoff Games Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

01.00 NBA 2008/2009 - Playoff Games Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

SPORT 2

enski boltinn

15.10 WBA - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

15.10 WBA - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.50 Middlesbrough - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 Markaðspáttur ensku úrvalsdeildarinnar

19.30 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

20.00 PL Classic Matches Season Highlights 1996/1997.

21.00 PL Classic Matches Newcastle - Leicester, 1996.

21.30 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 1997.

22.00 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.

23.10 Coca Cola-mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað.

23.40 Portsmouth - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

07.10 Nýtt útlit (10:11) (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Óstöðvandi tónlist

12.00 Nýtt útlit (10:11) (e)

12.50 Óstöðvandi tónlist

17.35 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.

18.20 The Game (15:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærastur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

18.45 America's Funniest Home Videos (24:48) (e)

19.10 Leiðin að titlinum (1:1) (e)

▶ **20.00 All of Us** (6:22) Bandarísk gamanþáttaröð um frásögu hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.

20.30 The Office (19:19) Bandarískir gamanþættir sem hlutu Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanþættir.

21.00 Boston Legal (12:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Lögfræðiskrifstofan lendir í fjárhagsvandráðum og gæti þurft að finna nýja eigendur.

21.50 Law & Order. Criminal Intent (9:22) Bandarísk sakamálaþættir þar sem fylgst er með stómálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Ungur fangi er myrtur á geðspítala þar sem frændi Goren er vistaður. Goren þykist vera geðveikur og lætur loka sig inni á stofnuninni svo hann geti rannsakað málið.

22.40 Jay Leno

23.30 America's Next Top Model (e)

00.20 Painkiller Jane (14:22) (e)

01.10 Óstöðvandi tónlist



20.00 Hrafnaping Rætt verður um fyrningu aflaheimilda.

21.00 Maturinn og lífið Fritz Jörgensen ræðir um matarmenningu við gest sinn en matreiðslumeistari er Ragnar Ómarsson.

21.30 Ákveðin viðhorf Fjallað verður um næringargildi mjólkurafurða.



Dagskrá allan sólarhringinn.



besta sætið

MÓNAKÓ

ERFIÐASTI KAPPAKSTURINN

SUNNUDAG KL 11:30

JÓHANNA GUÐRÚN VIÐ RÁSMARKIÐ Í KVÖLD KL 20:00

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér undantekningalaust þorskalýsi og hafragraut. Stundum fæ ég mér drykk í safapressu með eplum, agúrku og smá engifer en það er svolítið spari.“

Grétar Örvarsson tónlistarmaður.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. íþrótt, 6. frá, 8. óvild, 9. besti árangur, 11. gelt, 12. gróðabráll, 14. árstíð, 16. karlkyn, 17. móðupykki, 18. eyrir, 20. rykkorn, 21. fullnægja.

LÓÐRÉTT

1. afkvæmi húsdýrs, 3. kúgun, 4. randalín, 5. skáhalli, 7. frísklegur, 10. efni, 13. smáskilaboð, 15. minnka, 16. kóf, 19. kyrrð.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. lamb, 3. ok, 4. lagkaka, 5. flá, 7. ferskur, 10. tau, 13. sms, 15. ský, 18. aur, 20. ar, 21. fróa.
LÁRÉTT: 2. gólf, 6. af, 8. kal, 9. mæt, 11. gá, 12. brask, 14. sunnar, 16. kl, 17. nýra, 16. kaf, 19. ró.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fimmtíu milljónir.
2. Tæplega fimm hundruð félög.
3. Depeche Mode.

Pú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Íslensk hönnun og handverk

fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is

Sendu heimabæ Rybak heillakveðjur

„Við erum búnir að senda bæjarstjórninni og bæjarstjórnunum hamingjuóskir með árangurinn, þótt við hefðum auðvitað viljað að Jóhanna Guðrún hefði unnið,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. Svo skemmtilega vill til að íslenska bæjarfélagið og Nesodden, heimabær Alexander Rybak, sigurvegara Eurovision-keppninnar, eru vinabær. Og hafa átt í nánnum tengslum undanfarin ár. Jónmundur upplýsir jafnframt að fulltrúar frá Seltjarnarnesi séu einmitt á leiðinni á vinabæjarmót þar sem fulltrúar Nesodden verða og bjóst Jónmundur við að eflaust yrði glatt á hjalla þegar haldið yrði upp á sigurinn.

Jónmundur kveðst þó ekki vita

af hverju Nesodden varð fyrir valinu sem vinabær. En reiknaði með því að það ætti sér eðlilegar orsakir. „Eflaust hafa verið einhver persónuleg tengsl þarna á milli á sínum tíma og þess vegna hafi þetta æxlast á þennan hátt,“ útskýrir Jónmundur sem sjálfur hefur heimsoft bæjarfélagið sem staðsett er rétt utan höfuðborgarinnar Ósló. „Reyndar ekki sem bæjarstjóri en þegar maður var að spila handbolta með Gróttu var bærinn stundum heimsoftur í æfingaferðum. Þetta er, ef mig minnir rétt, ákaflega fallegur og vinalegur bær, svona rétt eins og Seltjarnarnes.“ - fgg



Á VINABÆ Á ÍSLANDI Alexander Rybak á vinabæ á Íslandi því Seltjarnarnes og Nesodden, heimabær Eurovision-sigurvegarans, eru vinabæjarfélög.

LOGI GEIRSSON: ÁTTA LANDSLIÐSMENN OG KÆRASTAN Í NÁM HJÁ KEILI

Silfurstrákar læra einkaþjálfun í stað viðskiptafræði

„Guðjón Valur Sigurðsson á eiginlega mesta heiðurinn af þessu, hann er búinn að berjast fyrir þessu lengi og náði loks að mynda þennan hóp,“ segir Logi Geirsson, leikmaður Lemgo og íslenska landsliðsins. Hann er byrjaður í einkaþjálfaranámi við Íþróttakademíu Keilis ásamt félögum sínum úr landsliðinu, þeim Vigni Svavarsyni, áðurnefndum Guðjóni, Aroni Pálmarssyni, Ingimundi Ingimundarsyni, Hreiðari Guðmundssyni, Björgvini Val Gústavssyni og Þóri Ólafssyni. Ekki skemmir fyrir að kærasta Loga, Ingibjörg Elva, er með honum í þessu námi og geta því skötujuin gluggað í námsbækurnar saman. „Hún er í næringarfræði við Háskóla Íslands og fannst alveg tilvalið að taka þetta nám með.“ Ingibjörg mun spila körfuknattleik með Þýska liðinu Lady Dolphins og því virðist lífið hreinlega leika við þau á þáskri grundu.

Einkaþjálfaranámið er rúmlega eitt ár og eru félagarnir þegar byrjaðir að lesa sér til. Fyrsti fyrirlesturinn var á mánudaginn og það virðist mikill hugur í mönnum. „Svo hittumst við allir þegar landsliðið kemur saman í júní og förum yfir þetta saman.“ Logi bætir því við að þarna séu íþróttamennirnir að slá tvær flugar í einu höggi, ná sér í góða menntun auk þess að fá kennslu í öllu sem snertir líkamann og líkamsbyggingu, sem er auðvitað algjört lykilatriði fyrir íþróttamenn á hæsta stigi.

Logi vill þó ekki meina að menn séu þar með búnir að gefa bankakerfið upp á bátinn, en fjölmargir gamlir landsliðsmenn úr íþróttinni hafa verið áberandi í fjármálalífi landsmanna. Nægir þar helst að nefna Kristján Arason, Þorgils Óttar Mathiesen og Jakob Sigurðsson. „Bankinn verður bara að bíða, þegar bankarnir hrundu áttaði maður sig kannski á því að það væri engin sérstök þörf fyrir



Í EINKAÞJÁLFAFARANNA SAMAN

Logi Geirsson og kærastan, Ingibjörg Elva, eru saman í einkaþjálfaranámi við Íþróttakademíu Keilis. Fleiri félagar Loga úr landsliðinu eru einnig farnir að leggja stund á sama nám, meðal annars Vignir Svavarsson og Guðjón Valur Sigurðsson.




viðskiptafræðinga á næstunni,“ segir Logi, sem á eitt ár að baki við háskólann á Bifröst.

Og þrátt fyrir að leikmaðurinn hafi verið mikið meiddur á tímabilinu hefur hann haft í nægu að snúast. Enda eru aðeins átta dagar þar til heimasíða með hárgelinu hans og Björgvins Vals Gústavssonar

verður opnuð fyrir almenningi. Hún ber heitið Thesilver.com og þar má meðal annars sjá slagorð gelsins, sem hljóðar svo: „Barðaginn við að ná réttu greiðslunni heyrir sögunni til.“ „Við erum að leggja lokahöndina á blönduna, þetta verður ótrúlega flott,“ fullyrðir Logi. freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Logi Bergmann Eðsson hefur ekki verið áberandi á skjánum að undanförmu. Og fyrir því er góð ástæða. Hann er nefnilega í Keníu að heimsækja barnaþorp ABC-barnahjálparinnar. Tökulið er með í för og fá því áhorfendur Stöðvar 2 að njóta afkastursins síðar meir. Logi ákvað að njóta landslagsins í hinni fjarlægðu Afríku og því var ákveðið að keyra til Úganda svo menn gætu örugglega notið alls þess besta sem heimsálfan hefur upp á að bjóða.



Sigmundur Emir Rúnarsson fékk heldur betur á baukinn hjá fjölmiðlum fyrir jómfrúráðu sína á Alþingi. En mönnum fannst fréttahaukurinn fyrirverandi gera sig sekan um ekki nógu góða íslenskukunnáttu. Einn maður hefur þó tekið upp hanskan fyrir Sigmundur Emir og það er ritstjóri Séð og heyr, Eiríkur Jónsson. Hann kveðst þess fullviss að Sigmundur sé miklu meiri Íslendingur en allir þeir sem hafi ráðist að honum og ráðleggur þeim að lesa ljóð alþingismannsins því til sönnunar.

Þó einhver helsti plöggari og umboðsmaður landsins, Valli Sport, hafi mátt horfa á eftir tveimur hljómsveitum sínum liðast í sundur, þeim Elektru og Merzedes Club, er þessi ötuli umbi hvergi nærri af baki dottinn. Haffi Haff er enn saman með sjálfum sér og gengur vel að koma honum á framfæri á Norðurlöndum og nú bíður Valla verðugt verkefni – sem er að halda utan um frama hinnar nýbókðu Idol-stjörnu – henni Hrófnu.



- fgg, jbg

Silja vill kvikmynda Vetrarsól Auðar

„Þetta er á algjöru frumstigi. Nú er forhandritavinna í gangi þannig að þetta er eins stutt á veg komið og hægt er,“ segir Silja Hauksdóttir kvikmynda-leikstjóri.

Í blíðviðrinu í sólríku porti Forlagsins á mánudag undirrituðu þær Silja, Auður Jónsdóttir rithöfundur og Hólmfríður Matthíasdóttir hjá réttindastofu Forlagsins viljayfirlýsingu þess efnis að Silja hyggt kvikmynda hina frábæru bók Auðar, Vetrarsól. Og jafnframt tryggir Silja sér réttinn til þess. Vetrarsól hefur hlotið frábærar viðtökur lesenda og gagnrýnenda og er einmitt að koma út í kilju um þessar mundir. Að sögn Silju er engin fjármögnun komin inn í verkefnið hvað þá

að farið sé að huga að því hverjir muni leika þegar þar að kemur. Ekki einu sinni liggja fyrir hugmyndir um hvenær kvikmyndin mun birtast á hvíta tjaldinu. „Nei, nei, við vorum bara að ákveða þetta. Ég er byrjuð að vinna í handriti sem við Auður munum gera í samvinnu.“ Silja er nú að leggja lokahönd á nýja þáttaseríu sem heitir Ástríður en sýningar á henni munu hefjast á Stöð 2 í haust. „Það er nóg að gera. Ég kvarta ekki,“ segir Silja. - jbg

STEFNT AÐ KVIKMYNDUN SÖGU AUÐAR

Það fór vel á með þeim Silju, Úu og Auði þegar viljayfirlýsing um kvikmyndun Vetrarsólar var undirrituð í samarsólinni í vikunni.



Útskriftargjöfin fæst hjá okkur



MacBook 13.3"
Intel Core 2 Duo 2.0 GHz
2 GB innra minni
160 GB harður diskur
Verð: 249.990

MacBook 13.3"
Intel Core 2 Duo 2.0 GHz
2 GB innra minni
120 GB harður diskur
Verð: 194.990



iMac 20"
Intel Core 2 Duo 2.66 GHz
2 GB innra minni
320 GB harður diskur
Verð: 219.990



séð frá hlið

iPod shuffle
1GB / 2GB / 4GB
Verð frá: 11.990



iPod nano
8GB / 16GB / ýmsir litir
Verð frá: 39.990



FireAnt hátalarar
Alvöru hljómur. Fæst í rauðu, svörtu og hvítu.
Verð frá: 34.990



(iPod seldur sér)



Apple búðin | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | Opunartími:
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



BAKÞANKAR
Ragnheiðar
Tryggvadóttur

Gæta þarf orða sinna

Það að vera orðvar er dyggð. Hegðun manns og yfirlýsingar er það sem fólk man og myndar sér skoðanir út frá, um það hvernig einstaklingur maður er.

SEM unglingur fannst mér að ég ætti að geta gert það sem mér sýndist án þess að utanaðkomandi aðstæður stjórnuðu því beint. Þetta finnst unglingum gjarnan. Ég vildi til dæmis ganga í gaudrifnum gallabuxum þótt ég væri að afgreiða í verslun og vinnuveitandinn færi fram á snyrtilegan klæðnað. Mér fannst líka sjálfsagt að halda glannalegum og ungæðislegum skoðunum mínum á lofti hvar sem var, án tillits til annarra, og skammast mín núna fyrir margt sem ég lét út úr mér þá.

RÉTT komin af unglingsárum vann ég líka einn vetur á leikskóla og fór á námskeið ásamt öðru starfsfólki hjá ráðgjafa, sem sagði okkur að starfs okkar vegna mættum við ekki láta sjá okkur drukkin á skemmtistöðum um helgar. Það kæmi illa við foreldra barnanna að sjá þannig til okkar. Ég man að mér fannst þetta fulllangt gengið á minn rétt, að ég gæti ekki hagað mér eins og mér sýndist þegar ég væri ekki í vinnunni!

PANNIG er það nú samt að fólk í ákveðnum stöðum samfélagsins verður að gæta orða sinna og æðis ef það vill halda virðingu samborgaranna.

ÉG SKIL þetta núna, komin af unglingsárum og orðin ráðsett frú í Reykjavík. Því kom það illa við mig að lesa um feisbókarfærslur sjúkraflutningamanna, slökkviliðsmanna og lögreglumanna á Vísir.is um daginn. Þar tjáðu menn skoðanir sínar á flóttafólki sem leitar hælís á Íslandi. Þetta var vægast sagt ljót lesning þar sem hreinlega var stungið upp á því að skjóta þetta fólk og senda fjölskyldum þeirra reikninginn fyrir byssukúlunni.

ÉG HEF alltaf haldið að þeir sem veljist til starfa við til dæmis sjúkraflutninga eða löggæslu hljóti að hafa sérstaka kosti til að bera. Sterkar taugar, fádæma mann-gæsku og yfirvegun og sjálfsagt sinna þeir menn sem létu skoðanir sínar þarna í ljós starfi sínu vel alla jafna. Ég get þó ekki gert að því að eftir þennan lestur myndist mér vægast sagt óþægilegt að leita aðstoðar í nauð, hjá mönnum sem vilja láta skjóta fólk.

GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 21. maí,
141. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.54	13.24	22.57
Akureyri 3.15	13.09	23.06

Heimild: Almanak Háskólans

Sumartilboð!

FINUCCI
collezione
JAKKAFÖT
VERÐ ÁÐUR KR. ~~54.980~~
MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR
VERÐ NÚ KR. 34.980

Van Gils
SKYRTUR
VERÐ ÁÐUR KR. ~~10.980 / 9.980~~
MARGAR GERÐIR
VERÐ NÚ KR. 6.980

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
PÓLÓBOLUM

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

74%
34%

Hvar er þín auglýsing?

Meðalrestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

Sumartilboð!

25%
afsláttur af öllum
gallabuxum
bómullarbuxum
og bolum

B & S
KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

SAND
BOSS
HUGO BOSS
HUGO
HUGO BOSS

Ný og stærri verslun á neðri hæð Kringlunnar.

HUGO BOSS
HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

20% afsláttur
af öllum jakkafötum

25% afsláttur
af öllum pólóbolum